


**skoðun** 14


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is





Í þá gömlu góðu daga

*Emaleraðar járnkönnur, bollar og föt minna á gamla daga.*

**allt** 4




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

**Mánudagur**

**18. október 2010**
244. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




**Mikill metnaður**

*Hátíðardagskrá verður á miðvikudag í tilefni af áttatíu ára afmæli Austurbæjarskóla.*

**tímamót** 16

**Eva + Ísland = Sönn ást**

*„Eva Joly er ein af þeim sárafáu sem bera heitið Íslandsvinur með sæmd.“*

**í dag** 15



**Enn tapar Liverpool**

*John Henry, nýr eigandi Liverpool, horfði upp á sína menn tapa fyrir Everton.*

**sport** 26

**veðrið í dag**




**ÉL EÐA SLYDDUÉL** um landið norðan- og austanvert en annars bjart með köflum. Strekkingsvindur allra austast en annars hægari. Það kólnar í dag og verður hitinn á bilinu 0 til 6 stig, mildast syðst.

**VEÐUR** 4

# Milljarði minna í leigubætur

**Gert er ráð fyrir því að framlag ríkisins til húsaleigubótakerfisins skerðist um 600 milljónir. Mótframlag sveitarfélaga fellur niður. Þeir sem þiggja bæturnar eru nær allir með minna en tvær milljónir í árslaun.**

**EFNAHAGSMÁL** „Rúmlega 80 prósent þeirra sem þiggja húsaleigubætur, almennar og sérstakar, hafa tvær milljónir eða minna á ári í árstekjur. Þetta er því verulega vanhugsað útspil gagnvart þeim hópi sem á hvað erfiðast um þessar mundir,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði. „Það skýtur skökku við að skerða þessi framlög á sama tíma og ríkisstjórnin talar um að hjálpa þessum sama hópi með öllum tiltækum ráðum.“

Á sama tíma og sveitarstjórnarmenn lýsa áhyggjum af hröðum vexti í útgreiðslu húsaleigubóta er gert ráð fyrir því að framlag ríkisins dragist saman um ríflega tuttugu prósent frá því sem greitt er til kerfisins í ár. Skerðingin samkvæmt fjárlagafrumvarpinu nemur 600 milljónum króna en útlit er fyrir að framlög til húsaleigubótakerfisins lækki um milljarð þar sem sveitarfélögin verða að draga samsvarandi úr mótframlagi sínu.

Samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaga um verulega hækkun bótanna og aukna þátttöku ríkisins í fjármögnun rann út í vor. Í fjárlagafrumvarpinu er gengið út frá því sem aðhaldsráðstöfun að í nýju samkomulagi verði gerðar breytingar á kerfinu sem dragi úr útgjöldum sem nemur áætluðum umframútgjöldum ársins 2010.

Aldís segir nauðsynlegt að endurskoða og breyta meginforsendum kerfisins í heild sinni miðað við þessar forsendur. Það sé blóðugt því kerfið er vel heppnað eins og það er, að hennar mati.

„Á sama tíma er verið að selja ofan af fólki og ræða um að Íbúðalánasjóður fari að leigja út húsnæði. Þegar stefnt er að því að móta virkum og góðum leigumarkaði er ekki rétta leiðin að ráðast á einn hornstein hans sem eru húsaleigubæturnar,“ segir Aldís. Greiðslu húsaleigubóta segir hún hafa aukist til muna í hennar sveitarfélagi og efast ekki um að það sé eins víðar. „Það er mikil þörf og þetta er í raun sorglegt á tímum þegar við ættum miklu frekar að létta undir með fólki sem vill eða þarf að leigja sér húsnæði.“ - shá

## Fleiri fengu húsaleigubætur eftir hrun

Nýjustu tölfræðiupplýsingar Sambands sveitarfélaga benda til að útgjöld sveitarfélaga vegna félagslegrar þjónustu, fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta, hafi aukist um sextíu til sjötíu prósent eftir hrun. Niðurstaðan kom ekki á óvart hvað varðar leigubætur því tekjur margra höfðu lækkað og féllu því undir reglur um bæturnar. Þá höfðu margir komið á leigumarkað vegna húsnæðismissis. Ársgömul rannsókn Reykjavíkurborgar sýnir jafnframt að kostnaður borgarinnar vegna húsaleigubóta hafði aukist um 44 prósent árið eftir hrun. Tæplega 7.000 Reykvíkingar fengu húsaleigubætur sem námu um milljarði króna fyrstu átta mánuði ársins 2009.



**GULU GLYRNURNAR SIGRUÐU** Þeir voru ekki eins og kettir eru flestir, þátttakendurnir á haustsýningu Kynjakatta í Garðabæ um helgina. Hvorki fleiri né færri en 175 kynjakettir voru skráðir til leiks og þessi læða, sem ber nafnið Askja, bar sigur úr býtum í flokki Cornish Rex-katta. Sú tegund er gjarnan kölluð mjóhundur kattanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslensk hönnun verðlaunuð:

## Endurunnið vekur athygli

**FÓLK** „Þetta er klapp á bakið. Það er okkar markmið að vinna með það sem til er og nota efni á annan hátt en þau voru ætluð fyrir upphaflega,“ útskýrir Erla Dögg Ingjaldsdóttir, sem hefur ásamt manni sínum, Tryggva Thorsteinssyni, hlotið R+D verðlaun bandaríska hönnunartímaritsins Architect Magazine.



ERLA DÖGG INGJALDSDÓTTIR

Erla og Tryggvi, sem eiga og reka hönnunarstofuna Minarc í Santa Monica í Bandaríkjunum, veittu verðlaununum viðtöku fyrir vaskinn Rubbish sem búinn er til úr endurunnum hjólbörðum. Þau segja hann byggðan á hugmyndum um notagildi og umhverfisvernd.

- rat / allt í miðju blaðsins






Engar hugmyndir um lausn á skuldavandanum hafa verið slegnar út af borðinu:

# Reiknað í nokkra daga í viðbót

**EFNAHAGSMÁL** „Við eigum eftir nokkra daga,“ segir Sigurður Snævarr, efnahagsráðgjafi forsætisráðherra. Sigurður fer fyrir starfshópi fulltrúa stjórnvalda, lánveitenda og lánþega sem skoðar nú kosti og galla nokkurra ólíkra leiða við lausn skuldavanda heimilanna og reiknar út afleiðingar þeirra fyrir fjármálakerfið.

Fyrir helgi sagði Jóhanna Sigurðardóttir að átta til níu leiðir væru í skoðun og Sigurður segir að þær séu allar enn á borðinu eftir funda- og reiknilotu helgarinnar.

Marinó G. Njálsson frá Hagsmunasamtökum heimilanna var eini fulltrúi lánþega á fundi hópsins í gær. Hann segir að líklega verði fundað daglega þar til niðurstaða fæst, en vill hins vegar ekki gefa mikið upp um starf hópsins.

„Ég er bjartsýnn á það að við munum ná saman um eitthvað sem mun nýtast lánþegum betur en það sem nú er í boði,“ segir Marinó.

Forsætisráðherra sagði í fréttum fyrir helgi að allt liti út fyrir að hugmyndir um flata niðurfærslu skulda væru út af borðinu.

Marinó segir að engu síður hafi hópurinn enn til skoðunar hugmynd Hagsmunasamtaka heimilanna, sem felur í sér flatar afskriftir. - sh







## SPURNING DAGSINS



*„Andri, ertu fullur eftirsjár?“*

„Nei, nei. Ég er góðglaður.“

Finnskur fréttamaður var á dögunum rekinn úr starfi eftir að hafa fengið sér sopa af bjór í beinni útsendingu. Fréttamaðurinn Andri Ólafsson á Stöð 2 gerði slíkt hið sama í vikunni en ekki urðu eftirmál af því.

Áætlaður kostnaður við stjórnlagaþingið á næsta ári losar 500 milljónir:

# Um 130 nöfn þegar komin fram

**SAMFÉLAGSMÁL** Allt stefnir í að frambjóðendur til stjórnlagaþingsins verði ríflega 150, en 126 nöfn voru fram komin í gærkvöldi. Af frambjóðendunum sem höfðu tilkynnt framboð sitt í gærkvöldi eru 40 konur. Alls eru 99 þessara frambjóðenda með skráð lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. Þar af eru 76 Reykvíkingar. Framboðsfrestur rennur út um hádegið í dag.

Í frumvarpi til fjáraukalaga sem lagt var fram á Alþingi á föstudag kemur fram að undirbúningsnefnd stjórnlagaþings gerir ráð fyrir að heildarkostnaður við þinghaldið og undirbúning þess verði 340,5 milljónir króna og að þar af falli 115,2 milljónir til í ár en 225,3 milljónir á næsta ári. Auk þess er sótt um 200 milljóna króna fjárheimild vegna stjórnlagaþingskosninganna 27. nóvember. Af þeim kostnaði sem reiknað er með að falli til í ár eru 92 milljónir vegna þjóðfundarins sem verður haldinn 6. nóvember en 23,5 milljónir vegna annars undirbúningskostnaðar. Heildarkostnaður við þingið mun því losa 500 milljónir standist áætlanir.



**ÞJÓÐFUNDUR 2009** Fyrsta skrefið er þjóðfundur 7. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stjórnlagaþingið á að standa í tvo til fjóra mánuði og verður skipað minnst 25 og mest 31 þjóðkjörnum fulltrúa. Þingfulltrúar verða kosnir persónukosningu og er landið eitt kjördæmi við kosninguna. **- shá**

Konur ganga saman:

# Mótmæla ofbeldi í Kongó

**KONGÓ Þúsund konur undir forystu forsetafrúar Kongó gengu fylktu liði yfir austurhluta landsins til að mótmæla hrinu nauðgana sem átt hafa sér stað í landinu.**

**Samkvæmt tölum frá Sameinuðu þjóðunum (SÞ) áttu 303 nauðganir sér stað í þrettán þorpum á aðeins þremur dögum. Fámennu liði SÞ gengur erfiðlega að vernda íbúa landsins.**

**Í flestum tilfellum eru gerendur sagðir úr röðum kongóska hersins. Varnarmálaráðherra landsins hefur neitað þessu.** **- sm**

Vísar ásökunum á bug:

# Eva Joly segist engu hafa spillt

**DÓMSMÁL Eva Joly segist ekki hafa spillt svokölluðu Exeter-máli sérstaks saksóknara. Röksemdafærsla Ragnars H. Hall, verjanda fyrrverandi forstjóra MP banka, þess efnis sé afleit. Þetta sagði Eva í Silfri Egils í gær.**



**EVA JOLY**

**Fréttablaðið greindi frá þessari afstöðu Ragnars fyrir rúmri viku. Í greinargerð sem hann hefur unnið í málinu segir að Joly hafi mælt fyrir um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir í málinu, sem hafi spillt því.**

**Eva Joly segir eðlilegt að verjendur grípi til þessa ráðs við vörnina. Það sé hins vegar ekkert til að hafa áhyggjur af. Hún segist sannfærð um að dómstóllinn muni ekki taka rökin gild.** **- sh**

Auglýsing á Einkamál.is:

# Ætlar að kæra til lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er alvarlegt inngrip í einkalíf dóttur minnar og við ætlum að kæra þetta til lögreglu,“ segir Edda Ólafsdóttir, móðir átján ára stúlku sem varð fyrir því að óprúttinn aðili setti auglýsingu í hennar nafni inn á stefnumótavefinn Einkamál.is.

Auglýsingin og mynd af stúlkunni var tekin af vefnum eftir kvörtun Eddu. Engilbert Hafsteinsson, framkvæmdastjóri afþreyingarfyrirtækisins D3 sem rekur Einkamál.is, segir nokkur mál af þessu tagi hafa komið upp.

„Við gerum það sem við getum til að koma í veg fyrir þau og aðstoðum lögreglu í alvarlegum málum. Það leiðinlega við internetið er að þeim sem vilja koma einhverju þangað inn tekst það venjulega að lokum.“ **- kg**

# FME krefst skýringa á okri í tryggingum

**Nýr viðskiptavinur Varðar fékk rúmlega 725 þúsund króna reikning fyrir tryggingu á bifhjóli. Gjaldið var lækkað um rúma hálfa milljón eftir umkvörtun. Fjármálaeftirlitið segir tilefni til að rannsaka starfsemi tryggingafélagsins.**

**TRYGGINGAMÁL** Tryggingafélagið Vörður rukkaði viðskiptavin í síðustu viku um 725.396 krónur fyrir tryggingu á bifhjóli. Gjöldin voru endurskoðuð þegar eigandi hjólsins setti sig í samband við félagið sem lækkaði þá iðgjaldið um rúma hálfa milljón króna.

„Þegar ég fékk reikninginn í hendurnar stóð ég bara og gapti,“ segir Sigurgrímur Ingi Árnason, eigandi Yamaha-hjólsins sem átti upphaflega að tryggja fyrir 725 þúsund krónur. Sigurgrímur fékk upphæðina lækkaða niður í 197 þúsund krónur eftir að hafa sýnt fram á flekklausan tuttugu ára ökuferil.

Steinunn Sigurðardóttir, forstöðumaður vátryggingasviðs Varðar, segir að upphæðir sem þessar komi fram þegar tryggingafélagið hafi engar upplýsingar um viðskiptavini. Vörður hvetji fólk þá hins vegar til þess að koma og gera grein fyrir sínum málum til þess að kanna möguleika á endurskoðun á iðgjöldum.

„Með mótorhjól er það þannig að þegar engin saga er fyrir hendi sendum við út greiðsluseðil með kröfu um staðgreiðslu þar sem iðgjaldið getur verið á þessu bili,“ segir Steinunn. „En við hvetjum þá viðskiptavini til þess að koma og gera grein fyrir sínum málum með gögnum sem sýna fram á sögu og tjónareynslu. Þá er hægt að endurskoða stöðuna.“

Rúnar Guðmundsson, sviðsstjóri hjá vátryggingasviði Fjármálaeftirlitsins (FME), telur ástæðu til að skoða málið. „Eins og þessu er lýst þá kemur þetta spánskt fyrir sjónir. Það er tilefni fyrir okkur til þess að leita skýringa hjá viðkomandi félagi og það munum við gera,“ segir hann.



**INDA BJÖRK ALEXANDERSDÓTTIR** Formaður umferðarnefndar Snigla segir eðlilegt að borga á bilinu 80 til 120 þúsund krónur í iðgjöld á ári fyrir bifhjól.

> Þegar ég fékk reikninginn í hendurnar stóð ég bara og gapti.
>
> **SIGURGRÍMUR INGI ÁRNASON**
> EIGANDI YAMAHA VÉLHJÓLS

Rúnar segir að í lögum um vátryggingar séu ákvæði um að FME hafi eftirlit með iðgjöldum á grundvelli vátrygginga með það fyrir augum að þau séu í samræmi við þá áhættu sem í vátryggingu felst og eðlilegan rekstrarkostnað. „Við hyggjumst afla okkur frekari upplýsinga,“ segir Rúnar.

Inda Björk Alexandersdóttir, formaður umferðarnefndar Snigla og umferðarráðsfulltrúi Umferðarstofu, segir að miðað við upplýsingar bifhjólasamtakanna væri eðlilegt fyrir Sigurgrím að borga á bilinu 80 til 120 þúsund krónur í iðgjöld á ári og að öllu jöfnu ættu þau að lækka eftir fyrsta árið. Tæp 10.000 bifhjól voru skráð á landinu í lok ársins 2009.

**sunna@frettabladid.is**



**RÆÐA SAMAN** Orkumálaráðherra Rússlands, Sergei Shmatko, fundaði í gær með forseta Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/

Ráðherra í heimsókn:

# Ræða samstarf við Rússland

**ORKUMÁL** Sergei Shmatko, orkumálaráðherra Rússlands, kom í opinbera heimsókn til landsins í gær. Shmatko mun eiga fund með Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra auk fulltrúa íslenskra orkufyrirtækja í dag þar sem samstarf milli þjóðanna á sviði orkumála verður rætt.

Með Shmatko í för eru Evgeni Dod, forstjóri orkufyrirtækisins RusHydro, og Alexei Kusmitskí, héraðsstjóri Kamatsjaka, en þar hafa verið gerðar athuganir á nýtingu jarðhita til húshitunar, fiskeldis og raforkuframleiðslu með þátttöku íslenskra aðila. **- sm**

Kona villt fyrir vestan:

# Merktur staur auðveldaði leit

**LÖGREGLUMÁL Erlendur ferðamaður fannst í gærkvöldi eftir að 40 björgunarsveitarmenn frá Vestfjörðum höfðu hafið leit með aðstoð tveggja leitarhunda.**

**Í tilkynningu frá Landsbjörgu kemur fram að merktur rafmagnsstaur hafi orðið til þess að konan fannst. Konan var stödd við rafmagnsstaurinn og gat gefið upp númer hans. Orkubú Vestfjarða gaf síðan leitarmönnum upplýsingar um staðsetningu staursins og var konan sótt. Var hún ágætlega haldin en orðin nokkuð köld.** **- shá**


## Tölvuorðabókin 2011 komin út




Til að kaupa hana í fyrsta sinn eða til að uppfæra úr eldri útgáfu, vinsamlega farið á þessa slóð:

**http://www.ordabok.is**

**ordabok.is**


FL Group brigslað um að hafa lent í klóm fjársvikahrappa í Bandaríkjunum:

# Tekinn með allt niðrum sig

**VIÐSKIPTI** Fyrrverandi fjármálastjóri bandaríska fasteignafyrirtækisins Bayrock Group telur að lán sem fyrirtækið tók hafi runnið í vasa Tevfiks Arif, forstjóra þess, og annarra stjórnenda. Lánið hljóðaði upp á fimmtíu milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 5,5 milljarða íslenskra króna, á núvirði.

FL Group tók þátt í nokkrum fasteignaverkefnum með Bayrock Group í Bandaríkjunum árið 2007. Arif er viðskiptafélagi bandaríska auðjöfursins Donald Trump en tvö fasteignaverkefnanna báru nafn hans. Verkefnunum hafði átt að vera lokið á þessu ári.

Forstjóri Bayrock Group er grunaður um að hafa óhreint mjöl í pokahorninu. Hann var handtekinn í Tyrklandi fyrir um hálfum mánuði og er grunaður um að hafa stýrt vændishring fyrir aðra auðjöfra.

Handtakan fór fram um borð í skútu við Tyrkland en kynsvall var þar í fullum gangi þegar lögreglan braust um borð. Bandaríska dagblaðið New York Daily News sagði Arif hafa í eiginlegum skilningi verið tekinn með allt niðrum sig. Vændiskonurnar voru frá Rússlandi og Úkraínu og nokkrar voru undir átján ára aldri, að sögn bandarískra fjölmiðla. **- jab**





**TRUMP OG HANNES** Forstjóri og stjórnendur fasteignafélags sem FL Group og Donald Trump tengdust eru sakaðir um að hafa óhreint mjöl í pokahorninu.

Fyrirtækjaþjónusta Nova

# Einhver með góðar sparnaðarhugmyndir? Einhver?

Hafðu samband við Fyrirtækjaþjónustu Nova í síma 519 1000 eða sendu okkur póst á vip@nova.is og við hjálpum þér að lækka símreikninginn svo um munar.

**Eitt verð í alla!** NÝTT HJÁ NOVA

– óháð því hjá hvaða símafyrirtæki þeir eru.

| STARTGJALD Í alla farsíma og heimasíma á Íslandi | MÍNÚTUVERÐ Í alla farsíma og heimasíma á Íslandi | SMS/MMS Í alla farsíma á Íslandi |
|---|---|---|
| 5,90 kr. | 9,90 kr. | 9,90 kr. |

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA



DAGUR & STEINI

## GENGIÐ 15.10.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 110,34 | 110,86 |
| Sterlingspund | 177,19 | 178,05 |
| Evra | 155,27 | 156,13 |
| Dönsk króna | 20,821 | 20,943 |
| Norsk króna | 19,183 | 19,295 |
| Sænsk króna | 16,808 | 16,906 |
| Japanskt jen | 1,3573 | 1,3653 |
| SDR | 174,3 | 175,34 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,6864

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Biskup og prestur segja sig úr ensku þjóðkirkjunni þar sem leyfa á kvenbiskupa:

# Skipta um trú í mótmælaskyni

**BRETLAND, AP** Biskup og prestur innan ensku þjóðkirkjunnar tilkynntu nýverið að þeir ætli að gerast meðlimir rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Ástæðuna segja þeir vera óánægju með þau áform þjóðkirkjunnar að leyfa kvenkyns prestum að gegna stöðu biskups.

John Broadhurst, biskup í Fulham í London, er mótfallinn því að konur geti gegnt stöðu biskups og því hafi hann ákveðið að ganga í rómversk-kaþólsku kirkjuna. Benedikt páfi XVI. innleiddi nýverið nýja reglu sem heimilar kvæntum prestum innan ensku þjóðkirkjunnar að starfa undir nafni rómversk-kaþólsku kirkjunnar.

„Ég hyggst hætta störfum áður en árinu lýkur. Ég er ekki að fara á eftirlaun, ég er að segja upp störfum,“ sagði Broadhurst.

Kosið verður um nýja reglugerð sem heimilar konum að gegna embætti biskups á næsta ári. **-sm**



**PÁFINN Í HEIMSÓKN** Benedikt páfi heimsótti Bretland um miðjan síðasta mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frumvarp til fjáraukalaga:

# Sparað með nýjum bústað

**EFNAHAGSMÁL** Óskað er eftir tæplega 835 milljóna króna fjárveitingu í frumvarpi til fjáraukalaga til kaupa á sendiherrabústaði í London. Utanríkisráðuneytið seldi eldra húsnæði nýlega fyrir 1,7 milljarða króna.

Viðskiptin eru þáttur í ráðstöfunum til að bæta afkomu ríkissjóðs á árinu. Ávinningur ríkissjóðs af eignabreytingunum er metinn nærri 900 milljónum króna. Nýtt húsnæði hefur verið keypt og er til afhendingar í haust. Unnið er að lagfæringum og endurbótum. **- shá**

Hraðakstur í Garðabæ:

# 14% ökumanna fóru of hratt

**LÖGREGLUMÁL** Brot 154 ökumanna voru mynduð á Hafnarfjarðarvegi fyrir helgi. Fylgst var með ökutækjum sem var ekið Hafnarfjarðarveg í suðurátt, gegnt Akrahverfi í Garðabæ.

Á einni klukkustund, eftir hádegi, fóru 1.125 ökutæki þessa akstursleið og því óku allmargir ökumenn, eða fjórtán prósent, yfir löglegum hraða.

Hinir brotlegu voru á 93 kílómetra meðalhraða en á þessum vegarkafla er áttatíu kílómetra hámarkshraði. Tuttugu óku á 100 kílómetra hraða eða meira, en sá sem hraðast ók mældist á 112.



**NÝTT FRÆÐAHÚS** Húsið er 3.500 fermetrar að stærð. MYND/NÍ

Bylting í náttúruvísindum:

# Náttúrufræðistofnun flytur

**FRÆÐI** Náttúrufræðistofnun Íslands stendur þessa dagana í flutningum í nýtt húsnæði í Urriðaholti í Garðabæ. Húsið er 3.500 fermetrar að stærð og stendur við svokallað Jónasartorg, vestast á Urriðaholti.

Flutningur í nýtt húsnæði þýðir byltingu í aðstöðu til rannsókna, fræðslu og varðveislu gripa. Þar með lýkur hálfrar aldar bið stofnunarinnar eftir varanlegum heimkynnum, en hún hefur verið í bráðabirgðahúsnæði við Hlemm í rúma fimm áratugi. **- shá**

# Eldgosin koma við pyngjuna

**Tuttugu stofnanir og viðbragðsaðilar báru ófyrirséðan kostnað vegna eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi. Hann er metinn á rúmlega 800 milljónir. Vegir og varnargarðar kostuðu 200 milljónir.**

**EFNAHAGSMÁL** Heildarkostnaður þeirra sem komu að málum vegna eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi árið 2010 er metinn á rúmlega 800 milljónir króna. Stærstu einstöku liðirnir þar eru 190 milljónir til Bjargráðasjóðs, 117 milljónir til Vegagerðarinnar og 116 milljónir til Landgræðslu ríkisins. Af öðrum stórum liðum má nefna Veðurstofu Íslands með 78 milljónir og Ríkislögreglustjóra með 54 milljónir.

Tillögur til að mæta þessum kostnaði koma fram í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2010. Tillögurnar að fjárveitingunum eru byggðar á niðurstöðu samráðshóps ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta sem settur var á laggirnar til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna.

Í skýringum við frumvarpið kemur fram að tuttugu aðilar bera umtalsverðan kostnað vegna hamfaranna. Eins og gefur að skilja ber Bjargráðasjóður hitann og þungann af þessum kostnaði ásamt Vegagerðinni og Landgræðslunni. Hlutverk Bjargráðasjóðs er að veita einstaklingum, félögum og sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta bein tiltekin tjón af völdum náttúruhamfara. Kemur þar inn í myndina tjón á fasteignum, landi, tækjum og bústofni eða afurðum.

Vegagerðin þurfti að leggja í verulegan kostnað þegar rjúfa þurfti þjóðveg 1 vegna flóða niður Markarfljót. Kostnaðurinn við að koma hringveginum í samt horf, ásamt öðru smálegu, er metinn á 117 milljónir. Þá fær Landgræðslan 70 milljónir króna vegna uppbyggingar varnargarða vegna flóðanna.

Til viðbótar við þær 800 milljónir sem mælt er með að renni til ýmissa stofnana og viðbragðsaðila má nefna 350 milljónir vegna markaðsátaks í íslenskri ferðaþjónustu til að vega á móti neikvæðum áhrifum eldgosanna.

Frá því að Landeyjahöfn var tekin í notkun í júlí á þessu ári hefur verið erfiðleikum bundið að halda henni opinni vegna sandburðar. Ein ástæða þessa er að mikið magn gosefna frá gosinu í Eyjafjallajökli berst inn í höfnina og 180 milljónir þarf til að mæta kostnaði vegna þessa.

**svavar@frettabladid.is**



**16. APRÍL 2010** Rjúfa þurfti þjóðveginn til að hlífa brúnni yfir Markarfljót vegna hlaups í ánni þegar gaus í Eyjafjallajökli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Framlög vegna eldgosa

**í milljónum króna**

| | |
|---|---|
| Jarðvísindastofnun HÍ | 32,4 |
| Bjargráðasjóður | 190,0 |
| Matvælastofnun | 1,0 |
| Slysavarnafélagið Landsbjörg | 47,9 |
| Rauði kross Íslands | 7,0 |
| Ríkislögreglustjóri | 54,4 |
| Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu | 1,0 |
| Landhelgisgæslan | 20,2 |
| Lögreglan á Hvolsvelli | 15,1 |
| Lögreglan á Selfossi | 0,6 |
| Landlæknir | 9,0 |
| Viðbúnaður gegn farsóttum | 27,7 |
| Ýmis verkefni hjá fjármálaráðuneytinu | 44,7 |
| Vegagerðin | 117,2 |
| Landeyjahöfn | 10,0 |
| Flugstoðir | 16,8 |
| Umhverfisstofnun | 11,7 |
| Landgræðslan | 46,0 |
| Landgræðslan | 70,0 |
| Veðurstofan | 78,0 |
| **Samtals** | **800,7** |




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNAR Í BILI**
Það verður heldur kuldalegra en verið hefur á landinu næstu daga og þá sérstaklega norðan- og austanlands þar sem hitinn verður í kringum frostmark og búast má við éljum. Sunnan- og vestanlands verður heldur mildara veður og sólríkara.



**Á MORGUN** Fremur hægur vindur víðast hvar.

**MIÐVIKUDAGUR** Strekkingur allra austast, annars hægari.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 10° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 14° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 15° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 10° |
| París | 13° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# Eplafest



## MacBook 13”

**2,4GHz** Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
**Allt að 10 klst** rafhlöðuending
Aðeins 2.13 kg / 2,74 cm þykk
Engir vírusar

Aðeins
**169.990 kr.**

Nýr snertiflötur
Sterkbyggðari umgjörð
Bjartari skjár
Allt að 10 klst rafhlöðuending

Takmarkað magn!



## Apple iPad

byltingarkennd spjaldtölva
frá Apple með Multi-Touch
og kristaltæran skjá.

Einnig fáanleg með 3G.

Verð frá **119.990.-**

## Nýi iPod nano með snertiskjá er kominn!

Verð frá **36.990 kr.**



## Frí námskeið á fimmtudögum

Nánar um dagskrá og tíma:
**www.epli.is/fraedsla**

## **Opið til 21** alla fimmtudaga

Verslun okkar er opin til 21
alla fimmtudaga í vetur.

Verið velkomin!

## Frí ástandsskoðun

**Fimmtudaga milli kl. 18:00 og 21:00**

Við bjóðum viðskiptavini velkomna með Apple-tölvuna sína í ástandsskoðun án endurgjalds.

Í skoðuninni er farið yfir möguleika tölvunnar til að standast kröfur nútímans og er skoðað m.a. hvernig lengja megi líftíma tölvunnar og auka notagildi hennar.

**Apple búðin**
Sími 512 1300
Laugavegi 182

**Afgreiðslutími:**
Mán. - mið. 10-18 | fim. 10-21
Fös. 10-18 | lau. 12-16

**www.epli.is**

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

**KJÖRKASSINN**




*Sóttir þú einhverja tónleika á Airwaves í ár?*

| | |
|---|---|
| Já | 3% |
| Nei | 97% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Þekkir þú einhvern sem er í framboði til stjórnlagaþings?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Lyfjaskorts gætir annað slagið í apótekum. Ekki vandamál segja lyfjafræðingar:

# Parkódín Forte til á næsta ári

**NEYTENDUR** Gætt hefur skorts á algengum lyfjum í apótekum víða, hvort heldur er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. Þetta á jafnt við um lyf sem seld eru í lausasölu og lyfseðilsskyld lyf.

Á biðlistum hjá dreifingarfyrirtækjunum Distica og Parlogis eru nú samtals 127 lyf. Á meðal þeirra eru algeng verkjalyf á borð við Íbúprófen Portpharma og Voltaren. Flest lyfjanna eru væntanleg síðar á árinu. Parkódín Forte, sem hefur ekki verið til í tíu daga, er væntanlegt í febrúar.




**VERKJATÖFLUR** Þótt einstaka sinnum hafi vantað algeng lyf í apótek hafa önnur verið nýtt í staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lyfjafræðingar sem Fréttablaðið hefur rætt við segja skortinn óheppilegan þótt vandamál hafi ekki komið upp. Ávísað hafi verið á sambærileg lyf, svo sem Panódíl þegar Paratabs vantaði fyrir nokkru. Tryggingastofnun hefur tekið þátt í tímabundnum aukakostnaði af þessum sökum.

Fríður Skeggjadóttir, lyfjafræðingur hjá Lyfjum og heilsu á Akureyri, segir alltaf eitthvað um að algeng lyf vanti. Fyrir því geti verið margar ástæður; hráefnisskortur hjá framleiðanda, vandamál tengd merkingum og annað í þeim dúr. „Yfirleitt er hægt að fá lyfið í öðrum styrkleika, annað lyfjaform þess eða samheitalyf,“ segir hún. **- jab**

Upptöku fjármuna hafnað:

# Fengu 20 mánaða refsidóm

**DÓMSMÁL** Tveir menn hafa verið dæmdir í tuttugu mánaða fangelsi hvor, fyrir kannabisræktun í útihúsi í Þykkvabæ. Þriðji maðurinn var sýknaður.

Mennirnir voru með 493 plöntur í ræktun. Þá voru tekin tæp þrjú kíló af kannabislaufum og nær ellefu grömm af hassi.

Dómurinn hafnaði kröfu um upptöku tæpra 12 milljóna króna og rúmlega 7 þúsund evra sem fundust í bankahólfi annars mannanna og taldar voru fíkniefnahagnaður. **- jss**

102 umsóknir um tvö störf:

# Ragna vill í tvö ráðuneyti

**STJÓRNSÝSLA** Ragna Árnadóttir, fyrrverandi dómsmálaráðherra, hefur sótt um embætti ráðuneytisstjóra bæði í væntanlegu velferðarráðuneyti, sem og í væntanlegu innanríkisráðuneyti.



**RAGNA ÁRNADÓTTIR**

Alls sóttu 89 um starfið í velferðarráðuneytinu, þar af á sjöunda tug starfsmanna Heilbrigðisstofnunar Húsavíkur til að vekja athygli á fyrirhuguðum niðurskurði. Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri sótti einnig um.

Þréttán sóttu um stöðuna í innanríkisráðuneytinu, þeirra á meðal ráðuneytisstjórar ráðuneytanna tveggja sem til stendur að sameina um áramót. **- sh**

**Framboð til stjórnlagaþings**

Ragnheiður Davíðsdóttir

**Sveinbjörn Fjölnir Pétursson**



Inga Jóna Þórisdóttir

**Þórunn Ólafsdóttir**



Sólveig Dagmar Þórisdóttir

Stefán Gíslason

Íris Erlingsdóttir

Anna Elísabet Ólafsdóttir

**Ásta Leonhards**



Ólafur Reynir Guðmundsson

Einar Guðmundsson

**Sigríður Dögg Auðunsdóttir**



Þorvaldur Hjaltason

# Segir meintar hótanir slitnar úr samhengi

**Fyrrverandi yfirmaður í Glitni segir sér hafa verið hótað í yfirheyrslum hjá slitastjórn bankans. Hann vill að stjórnin víki. „Menn púsla því saman sem þeim hentar,“ segir fulltrúi í slitastjórninni sem telur ekki tilefni til afsagnar.**

**VIÐSKIPTI** Fulltrúi í slitastjórn Glitnis segir meintar hótanir formannsins, Steinunnar Guðbjartsdóttur, í garð starfsmanns Íslandsbanka, sem sagt er frá í kvörtun sem send hefur verið Héraðsdómi Reykjavíkur, vera slitnar úr samhengi. Þær gefi ekki tilefni til afsagnar slitastjórnarinnar.



**YFIRHEYRSLUHERBERGIÐ** Bjarni fullyrðir að Steinunn og fulltrúi rannsóknarfyrirtækisins Kroll hafi saumað allt of harkalega að sér í óformlegri yfirheyrslu í þessu herbergi. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Lögmaður Bjarna Jóhannessonar, fyrrverandi viðskiptastjóra Glitnis og núverandi starfsmanns Íslandsbanka, sendi á miðvikudaginn síðasta formlega kvörtun til Héraðsdóms Reykjavíkur, þar sem hann fullyrðir að Steinunn hafi hótað Bjarna í yfirheyrslu hjá slitastjórninni.



**PÁLL EIRÍKSSON**

Lögmaður Bjarna segir hann hafa mætt áður í hljóðritaða yfirheyrslu sem hafi að mestu gengið út á að lítillækka hann og gera hann tortryggilegan. Sú síðari, nú í júlí, hafi hins vegar verið kynnt sem óformleg og hafi því ekki verið hljóðrituð. Þar hafi verið ýjað að því að hann hefði eitthvað að fela og það gæti haft afleiðingar fyrir hann að vera ekki samvinnuþýður. Enn væri hægt að bæta fólki inn í stefnur slitastjórnarinnar.

Bjarni sleit að lokum fundinum vegna þessa og hefur nú farið fram á að slitastjórninni verði skipt út. Hann vildi ekkert tjá sig um málið þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær.

Bjarni kemur við sögu í stefnu slitastjórnarinnar á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Pálma Haraldssyni, Lárusi Welding og þremur fyrrverandi starfsmönnum Glitnis í svokölluðu Aurum-máli. Hann var einn viðtakenda tölvuskeytis frá Jóni Ásgeiri þar sem Jón Ásgeir virðist, sem stjórnarformaður, reyna að hafa áhrif á lánveitingar bankans og segir að verði honum ekki hlýtt sé kannski réttast að hann verði starfandi stjórnarformaður.

Ekki náðist í Steinunni Guðbjartsdóttur í gær. Hinn fulltrúinn í slitastjórninni, Páll Eiríksson, segist ekki hafa séð kvörtunina og geti því lítið tjáð sig um efni hennar. Honum finnist þó mjög vafasamt að vitna til orða sem féllu á fundunum án þess að samhengisins sé gætt. „Menn púsla því saman sem þeim hentar,“ segir hann.

Hann segir að ef óskað verði eftir því muni slitastjórnin mæta í héraðsdóm og útskýra sína hlið málsins. „Það er ekkert að fela í því,“ segir Páll, sem telur ekki tilefni fyrir hann og Steinunni til að segja sig úr slitastjórninni.

Lárus Welding gerði fyrr á árinu athugasemdir við starfshætti slitastjórnarinnar við skýrslutökur. Spurður hvort fleiri kvartanir hafi borist segir Páll að þessi sé sú eina. „En menn hafa svo sem ekki allir borið sig allt of vel þegar þeir eru spurðir út í ákveðin atriði sem snerta rekstur bankans fyrir hrun,“ segir hann. **stigur@frettabladid.is**







Kanslari Þýskalands segir tilraunir til fjölmenningarsamfélags hafa mistekist:

# Ummæli Merkel vekja deilur

**BERLÍN, AP** Þau ummæli Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, að tilraunir til að skapa fjölmenningarsamfélag innan landsins hafi mistekist hrapallega hafa orðið kveikjan að miklum umræðum um stefnu Þjóðverja í innflytjendamálum.



**MESUT ÖZIL**

Merkel lét ummælin falla á fundi sínum með ungum meðlimum kristilegra demókrata á laugardag. Með þeim var kanslarinn að bregðast við þeim yfirlýsingum margra þýskra stjórnmálamanna að herða beri lög og reglur um innflytjendur. Nýleg skoðanakönnun leiddi í ljós að um þrjátíu prósentum Þjóðverja þykir innflytjendur í landinu of margir.

Merkel sagði að innflytjendur væru velkomnir í Þýskalandi, en þeir þyrftu þó að læra tungumálið og aðlagast þýskum siðum og venjum. „Fjölmenningarlega nálgunin, að segja að við lifum öll í sátt og samlyndi hlið við hlið, hefur mistekist algjörlega,“ sagði Merkel.

Ummælum Merkel var tekið fagnandi af íhaldssömustu meðlimum kristilega demókrataflokksins. Margir, og þá sér í lagi íbúar heimsborgarinnar Berlín, sögðu í gær að Merkel væri ekki í tengslum við daglegt líf Þjóðverja.

Innflytjendamál komust enn á ný í hámæli í vikunni þegar baulað var á þýska knattspyrnumanninn Mesut Özil, sem er af tyrkneskum ættum, í landsleik milli Þýskalands og Tyrklands á Ólympíuleikvagninum í Berlín. Voru það stuðningsmenn Tyrkja sem bauluðu, en þeir voru fleiri en stuðningsmenn Þýskalands á áhorfendapöllunum. **- kg**



**ANGELA MERKEL** Kanslari Þýskalands áréttar að innflytjendur séu velkomnir til landsins. Þeir þurfi bara að aðlagast siðum þess og venjum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

1970 - 2010 TOYOTA Á ÍSLANDI

TOYOTA

# Að smyrja eða ekki smyrja.
## Það er smurningin.




## Sértilboð á smurþjónustu í október

Það er sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota í október.

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Nýbýlavegi 8 | Kópavogi | Sími: 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | Sími: 460-4300 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | Reykjanesbæ | Sími: 420-6600 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | Sími: 480-8000 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | Sími: 455-4570 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | Sími: 577-7080 |
| Bílatangi Ísafirði | Suðurgata 9 | Ísafirði | Sími: 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | Akranesi | Sími: 431-5050 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | Sími: 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstaðir | Sími: 470-5070 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

Today
Tomorrow
Toyota

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvar er hálfáttræður maður fastur í starfi húsvarðar?*

*2 Hvað eru lengstu gögn heims, undir Gotthard-Massif í Ölpunum, löng?*

*3 Hvað lagði mannréttindaráð Reykjavíkur til fyrir helgi?*

**SVÖR:**

1. Á Eiðum.
2. Fimmtíu og sjö kílómetrar.
3. Að trúboð í skólum yrði bannað.

Vöruskiptajöfnuður jákvæður um tæplega 87 milljarða króna það sem af er ári:

# Alger viðsnúningur eftir hrun

**EFNAHAGSMÁL** Vöruskiptajöfnuður hefur verið jákvæður um 86,7 milljarða króna fyrstu níu mánuði ársins. Fluttar hafa verið inn vörur fyrir ríflega 327 milljarða króna en vörur fyrir tæplega 414 milljarða hafa verið fluttar úr landi.

Þetta er alger viðsnúningur frá því sem var fyrir hrun. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2007 var vöruskiptajöfnuðurinn neikvæður um 76,9 milljarða króna. Viðsnúningurinn nemur tæplega 164 milljörðum króna, um átján milljörðum að meðaltali í hverjum mánuði. - bj




Kvænist tveimur konum:

# Gat ekki valið á milli kvenna

**PAKISTAN** Pakistanskur maður að nafni Azhar Haidri ætlar að kvænast tvemur konum á innan við sólarhring. Hann gat ekki ákveðið hvort hann ætti að heiðra fjölskyldu sína og kvænast konunni sem hann hefur verið trúlofaður frá barnsaldri eða hvort hann ætti að leyfa hjartanu að ráða og kvænast ástinni sinni. Haidri ákvað því að besta lausnin væri að kvænast báðum konunum.

Fjölkvæni er leyfilegt í Pakistan en verður að gerast með leyfi fyrstu eiginkonunnar. - sm




# Frakkar bensínlausir í verkfallsaðgerðum

**Hundruð þúsunda mótmæltu áformum um hækkun eftirlaunaaldurs í helstu borgum Frakklands í gær. Boðað hefur verið til frekari mótmæla á morgun, en kosið verður um málið á miðvikudag. Yfirvöld gera lítið úr eldsneytisskorti.**

**PARÍS, AP** Enn var þeim áformum ríkisstjórnar Nikolas Sarkozy, forseta Frakklands, að hækka eftirlaunaaldur úr sextíu árum í 62 ár mótmælt í gær þegar hundruð þúsunda streymdu út á götur í helstu borgum landsins. Einnig var mótmælt á laugardag og stendur til að halda mótmælum áfram á morgun, sem þá verða sjöttu stóru mótmælin á innan við mánuði í landinu.

Víðtæk verkföll stéttarfélaga hafa valdið því að margir ökumenn hafa átt í erfiðleikum með að nálgast bensín á ökutæki sín. Christine Lagarde, fjármálaráðherra Frakklands, gerði lítið úr ástandinu í gær en viðurkenndi þó að um 230 af 13.000 bensínstöðvum landsins væru eldsneytislausar.

Óttast var að víðtæk verkföll kynnu að hafa áhrif á flugumferð í Frakklandi í gær, en mótmælendur lokuðu eldneytisleiðum til helstu flugvalla landsins á laugardag. Dominique Bussereau, samgönguráðherra Frakklands, hélt því þó fram í gær að nægt eldsneyti væri til staðar fyrir flugvélar á Charles de Gaulle-flugvellinum. Áður höfðu starfsmenn þurft að bregða á það ráð að skipa nokkrum flugvélum að lenda ekki á flugvellinum nema um borð í þeim væri nægt eldsneyti til að komast heim á nýjan leik.



**BIÐRÖÐ Á BENSÍNSTÖÐ** Verkföll og lokanir við olíuhreinsistöðvar og dreifingarmiðstöðvar eru hluti af viðamiklum mótmælum gegn áætlunum franskra stjórnvalda um að hækka eftirlaunaaldur í 62 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosið verður um þau áform að hækka eftirlaunaaldurinn í landinu á miðvikudag. Stjórnvöld segja nauðsynlegt að hækka eftirlaunaaldurinn vegna mikils halla á eftirlaunasjóðum landsins. Búist er við að franskir vörubílstjórar láti til sín taka í mótmælunum fyrr en síðar. Samgönguráðherrann Bussereau sagðist í gær hafa litlar áhyggjur af þeirri þróun mála. „Við óttumst ekki vörubílstjórana,“ sagði Bussereau. kjartan@frettabladid.is




Sex vikna átak miðar að því að fækka slysum og auka öryggi vegfarenda:

# Öryggisdagar hjá Strætó bs.

**SAMGÖNGUR** Öryggisdagar, átak sem Strætó bs. og VÍS standa fyrir næstu sex vikur, miða að því að fækka slysum í umferðinni og auka öryggi vegfarenda. Átakið er liður í forvarnarverkefni sem Strætó bs. og VÍS hafa unnið saman að frá ársbyrjun 2008.

Átakið felst meðal annars í því að jákvæðum skilaboðum verður komið fyrir á strætisvögnum til að hvetja ökumenn og aðra til að huga að akstri sínum og hegðun í umferðinni. Að auki munu strætisvagnabílstjórar leggja sérstaka áherslu á að vera til fyrirmyndar og sýna gott fordæmi. Til stendur að fylgjast sérstaklega með umferðaróhöppum Strætó á tímabilinu með það að markmiði að fækka óhöppum, auk þess sem regluleg umfjöllun verður um átakið og árangurinn í umferðinni á vefsíðunni Strætó.is. Þá er almenningur hvattur til að taka þátt með því að senda skilaboð og ábendingar til Strætó. - kg



**Í UMFERÐINNI** Fylgjast á sérstaklega með umferðaróhöppum Strætó. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM











## Ævintýrin gerast í Ölpunum!

Við hjá Úrvali Útsýn tökum þessa dagana á móti bókunum hundruða Íslendinga sem stefna á skíðaferðir í vetur. Hvort sem um er að ræða gamlar skíðakempur eða fólk sem er að stíga í fyrsta sinn á skíði, finna allir brekkur og bari við sitt hæfi í Ölpunum.

Gott veður, nægur snjór, frábærar brekkur, ítölsk martargerð og sannkölluð "aprés ski" stemning í heilnæmu fjallalofti Alpanna er eitthvað sem allir ættu að upplifa.

**Hafðu samband og kynntu þér úrval skíðaferða hjá Úrvali Útsýn.**

ÚRVAL-ÚTSÝN

**Skíðaáfangastaðir: Madonna Di Gampiglio (Ítalía), Selva Val Gardena (Ítalía), Davos (Sviss)**

Lágmúli 4 108 Reykjavík // sími: 585 4000 // info@uu.is // www.urvalutsyn.is

# Metfjöldi var á Landsmóti æskulýðsfélaga

**Landsmót æskulýðsfélaga var haldið á Akureyri um helgina. Mótið var hið stærsta sem haldið hefur verið. Rúmlega sjö hundruð ungmenni tóku þátt. Í fyrra voru þau fjögur hundruð. Safnað var fé til þess að leysa börn úr ánauð.**

**LANDSMÓT** Landsmót æskulýðsfélaga fór fram á Akureyri um helgina og tóku rúmlega sjö hundruð ungmenni þátt í mótinu í ár. Þrælabörn á Indlandi voru í brennidepli á mótinu sem var hið fjölmennasta sem haldið hefur verið.

Mótið var hið stærsta sem haldið hefur verið, en í fyrra tóku um fjögur hundruð ungmenni þátt í Landsmótinu. Að sögn Árna Svans Daníelssonar, verkefnisstjóra á Biskupsstofu, var mótið virkilega vel heppnað.



**ÁRNI SVANUR DANÍELSSON**

Þrælabörn á Indlandi voru í brennidepli á Landsmótinu í ár og var heilmikið átak í gangi á laugardeginum þar sem safnað var fé til styrktar börnum sem hafa verið seld í skuldaánauð af foreldrum sínum. Unglingarnir söfnuðu fé með sölu ýmissa muna sem þeir höfðu útbúið og var lagt upp með að frelsa eitt barn fyrir hverja götu á Akureyri. Markaður var settur upp á Glerártorgi á laugardeginum og þar seldu ungmennin muni sína.

„Það var mjög gaman að fylgjast með krökkunum um helgina. Við þurfum öll á einhverju að halda sem fyllir okkur von og þegar maður sér krakka sem þessa koma saman og vinna í þágu góðs málefnis þá fyllist maður slíkri von. Krakkarnir voru með slagorð sem hljóðaði svo: „Enginn getur gert allt, en allir geta gert eitthvað“. Við erum öll í þeirri stöðu að geta lagt eitthvað að mörkum,“ segir Árni Svanur.

Söfnunin gekk vel og telur Árni Svanur að nóg hafi safnast til að leysa um hundrað börn úr ánauð. Söfnuninni er þó ekki lokið því krakkarnir hyggjast halda áfram að safna fé til styrktar þrælabörnunum á komandi vikum.

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, setti mótið. Í opnunarávarpi þakkaði hann framtak unglinganna og sagði þá góðar fyrirmyndir. „Við horfum á að það er gróska í æskulýðsstarfinu og við sjáum svo víða vaxtarsprota og góða ávexti af því sem hefur verið unnið að á undanförnum og það er mikið, óumræðilegt þakkarefni,“ sagði í ræðu hans.

Biskup kvað jafnframt mikið þakkarefni að unga fólkið skuli nú ætla að beita kröftunum sínum að því að hugleiða fátæktina í heiminum og leggja sitt af mörkum til þess að leysa börn úr ánauð. „Það er undursamlegt og ég vona og bið að það megi ganga og verða þeim til góðs og blessunar.“ sara@frettabladid.is



**Á ÆSKULÝÐSMÓTI** Unglingar á Landsmóti æskulýðsfélaga söfnuðu fé til að leysa börn á Indlandi úr skuldaánauð. MYND/ÁRNI SVANUR DANÍELSSON



**HÁSKALEIKUR** Keppandi á fjallahjóli kemur stökkvandi niður fjallshlíð í þjóðgarðinum Pelister í Suður-Makedóníu í gær. Þar var í hlíðum Baba-fjalls keppt í fjallahjólabruni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússar sjá um framkvæmdir:

## Kjarnorkuver reist í Venesúela

**CARACAS, AP** Hugo Chavez, forseti Venesúela, tilkynnti fyrir helgi að samningar hefðu náðst við Rússa um byggingu kjarnorkuvers í landinu.

Chavez sagði við tilefnið að Venesúela þyrfti meiri fjölbreytni í orkugjöfum, en landið er ríkt af olíu og gasi. Hann hrósaði Rússum fyrir að hjálpa Venesúelamönnum við að þróa nýja tækni. Dimitrí Medvedev, forseti Rússlands, sagði Rússa meira en tilbúna til að koma Venesúelabúum til hjálpar á þessu sviði. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Rússland og Venesúela taka höndum saman, en samstarf landanna hefur verið náið undanfarin ár. - mþl

**SANDGERÐI**

### Skipulag hafnarsvæðis ógilt

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hefur ógilt breytt skipulag sem bæjarstjórn samþykkti fyrir hafnarsvæðið í Sandgerði. Nefndin segir verulegar breytingar hafa verið gerðar á auglýstri tillögu eftir að frestur til athugasemda var liðinn. Íbúar sem kærðu skipulagið segja að útsýni þeirra muni hverfa.

Búseti skorar á stjórnvöld:

## Eiga að efla Íbúðalánasjóð

**HÚSNÆÐISMÁL** Búseti, húsnæðissamvinnufélag á Norðurlandi, skorar á stjórnvöld að efla Íbúðalánasjóð til að takast á við endurskipulagningu á húsnæðiskerfi landsmanna.

Enn fremur lýsir Búseti yfir stuðningi við áform ríkisstjórnarinnar um að efla leigumarkað og vill leggja sitt af mörkum til að auka framboð húsnæðis á Norðausturlandi. Hvatt er til þess að samhæfa húsaleigu- og vaxtabætur þannig að tekið verði mið af tekjum og framfærslu. - sv



**RANNSÓKNASKIP HAFRÓ** Reynt er að fá heildstæðari mynd af vistkerfi Íslandsmiða. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hafrannsóknastofnun:

## Tveir leiðangrar keyrðir saman

**HAFRANNSÓKNIR** Hafrannsóknaskipin Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson eru nú í umfangsmiklum rannsóknaleiðangri umhverfis landið og í grænlenskri lögsögu. Þrjú rannsóknaverkefni eru sameinuð: stofnmæling botnfiska að haustlagi (haustrall), loðnumæling og mælingar á ástandi sjávar.

Markmiðið er að ná fram meiri tengingu milli hefðbundinnar stofnmælingar með botnvörpu, bergmálsmælinga og sjórannsókna. Vonast er til að með því náist fram heildstæðari mynd af vistkerfi Íslandsmiða, auk þess sem betri nýting fæst á úthaldi skipanna. - shá


LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is



Imedeen vinnur gegn öldrun húðarinnar innan frá:
- Húðin verður mýkri, þéttari, sléttari og jafnari
- Verndar kollagen og elastín gegn niðurbroti

Imedeen Time Perfection
60 stk. Áður: ~~8.927 kr.~~ Nú: 7.588 kr.

Imedeen Prime Renewal
120 stk. Áður: ~~13.990 kr.~~ Nú: 11.892 kr.

15% afsláttur*

*gildir til 22. okt.

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 51857 10/10



ALLIR VINNA

Teppalagt tækifæri fyrir stigaganga.



NÝTIÐ YKKUR VIRÐISAUKASKATTINN!

*Verð frá 5.980 kr. per m² ákomið.*

*Vönduð og slitsterk, þéttofin teppi sem auðvelt er að þrífa.*

Bjóðum heildarlausnir, þegar endurnýja á gólfteppi í stigagöngum í fjölbýlis- og sambýlishúsum. Við mætum og gerum tilboð í efni og vinnu. Aðeins eitt símtal og málið er komið í gang.

Stepp

PARKET & GÓLF Ármúla 32 · 108 Reykjavík · Sími 533 5060 · Fax 533 5061 · www.stepp.is




**Í TJARNARGÖTUNNI** Höfuðstöðvar Bakkavarar voru fluttar í vor úr Ármúla niður á upphaflegan stað í Tjarnargötu í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Starfsmenn í Bourne óttast niðurskurðarhnífinn:

## Uppsagnir verða minni en starfsfólkið óttast

**VIÐSKIPTI** Starfsmenn í verksmiðju Bakkavarar í bænum Bourne í Englandi hafa áhyggjur af væntanlegum niðurskurði og telja störf um þrjú hundruð manns í hættu.

David Roome, talsmaður verkalýðsfélagsins Unite, segir í samtali við dagblaðið Wisbech Standard að starfsfólk Bakkavarar sé reitt. Það vinni við erfiðar aðstæður og fái lítið greitt.

Bakkavör hefur unnið að hagræðingu síðastliðin þrjú, hefur meðal annars lokað ellefu óarðbærum verksmiðjum og sameinað framleiðslu í Bretlandi og Frakklandi. Samkvæmt upplýsingum frá Bakkavör verða uppsagnir mun minni en nemur þeim um þrjú hundruð störfum sem í húfi eru, líklega ekki nema brot af heildarfjöldanum.

Breytingar hafa gerðar hjá Bakkavör á fleiri stöðum en í Bretlandi. Fyrirtækið var tekið af hlutabréfamarkaði hér í apríl og er nú í einkaeigu. Kröfuhafar eignuðust þá í kringum þrjátíu prósenta hlut í félaginu en eignarhlutur Bakkavararbræðranna Ágústs og Lýðs Guðmundssona þurrkaðist út um nokkurra ára skeið.

Þá hafa höfuðstöðvar félagsins verið færðar úr Ármúlanum niður í Tjarnargötu. Þar var Bakkavör reyndar til húsa áður en eignarhaldið færðist undir Existu. - jab

GIRA

PRODOMO
www.prodomo.is | Auðbrekku 9-11

RDS-Viðmót
Hér sést nafn og senditíðni rásarinnar sem og klukkan án þess að það þurfi að stilla það sérstaklega.




Snertitakkar
Aðeins þarf að snerta takkana lauslega til að ná fram virkni.
Rásarminni: Í fyrsta skipti sem kveikt er á útvarpinu finnur það sjálfkrafa 2 stöðvar sem eru með sterkasta merkið, þessu er hægt að breyta og vista upp á nýtt.

Hátalari
Nýi hátalarinn er með mjög tæran og góðan hljóm. Stereogæði nást ef bætt er við öðrum hátalara.

# Útvarp í rofadós – með UKW eða MP3

## Nýtt. Gira innfellt RDS útvarp

Nýja útvarpið frá Gira fellur beint í rofadósir rétt eins og rofar og tenglar. Nýr og betri hátalari skilar góðum og skýrum hljómgæðum. Með léttri snertingu er auðvelt að skipta um stöð og hækka eða lækka hljóðstyrk. Það sem krónar þetta allt saman er hágæða skjár sem gefur notanda upplýsingar um hvaða stöð er hlustað á hverju sinni. Útvarpið hentar vel t.d í eldhúsi og baðherbergi það sem það sparar pláss og heldur vinnuborðum hreinum. Ef bætt er við dós er hægt að tengja inná útvarpið mp3 spilara eða iPod.
Prodomo er verslun sem rekin er af S.Guðjónsson ehf sem hefur yfir 40 ára reynslu í innflutningi á hágæða rafbúnaði.
Nánari upplýsingar veita starfsmenn Prodomo og S.Guðjónsson í síma:520-4500 eða heimasíðu Gira www.gira.de/neuheiten

Mynd: Innfellt Gira RDS útvarp, Gira Esprit rofalína, svart glansandi, litur ál.

# Meðgöngujóga

**Meðgöngujóga námskeið að hefjast hjá Jóga stúdíó.**

**Kennt er á mánudögum og miðvikudögum klukkan 20:00-21:00.**

**Hefst mánudaginn 18. október.**

JÓGA Stúdíó



1. mánuður 10.000 kr
2. mánuðir 18.000 kr
3. mánuðir 22.000 kr

Skráning hafin á jogastudio.is eða í síma 772-1025 Ágústa og 695-8464 Drífa

jogastudio@hotmail.com



Ágústa Kolbrún Jónsdóttir
772-1025



Drífa Atladóttir
695-8464

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com



Náttúruleg vellíðan



ERTU MEÐ VIÐKVÆMA HÚÐ?

Finnur þú fyrir þurrki í leggöngum, kláða, sveppasýkingu eða færðu sár við notkun dömubinda?

Prófaðu þá Natracare lífrænar hreinlætisvörur, án klórs, ilm- og plastefna.




natracare®
LÍFRÆNAR HREINLÆTISVÖRUR

www.natracare.is



**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins.
Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft…


Kiwanisklúbburinn Elliði safnaði 6,5 milljónum:

# Ágóði fer til BUGL

**SÖFNUN** Kiwanisklúbburinn Elliði safnaði 6,5 milljónum króna af sölu söngbóka. Ágóðinn rennur óskipt-ur til Barna- og unglingageðdeild-ar Landspítalans (BUGL). Meðal þeirra verkefna sem urðu til út frá söfnuninni er þjálfunarherberg-ið Birtan, sem var formlega tekið í notkun í gær. Herbergið verður notað hjá BUGL til skynörvunar og eru þar ýmis tæki til þess.

Einnig voru gefnar út tvær bækur fyrir fjármagnið sem safn-aðist ásamt uppsetningu á vegg-skreytingum á BUGL með þrautum og leikjum. - sv



**SKYNÖRVUNARHERBERGIÐ** Nýja her-bergið sem útbúið var fyrir söfnunarfé frá Kiwanisklúbbnum Elliða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**ÁSTRALAR EIGNAST DÝRLING** Nunnan Mary MacKillop var tekin í dýrlingatölu í gær, fyrst Ástrala. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fátæk nunna var tekin í dýrlingatölu í gær:

# Ástralar hafa eignast sinn fyrsta dýrling

**PÁFAGARÐUR, AP** Benedikt páfi XVI. tilkynnti á sunnudag að áströlsk nunna yrði tekin í dýrlingatölu, fyrst Ástrala.

Mary MacKillop, dóttir fátækra innflytjenda frá Skotlandi, fædd-ist í Ástralíu árið 1842 og ólst upp í mikilli fátækt. Hún flutti ung að árum til þorpsins Penola við suður-strönd Ástralíu þar sem hún kenndi frumbyggjum lestur.

MacKillop stofnaði fyrstu nunnuregluna í Ástralíu, og hafði hún það markmið að þjóna fátækum og veikum. Árið 1871 var MacKill-op vísað úr kaþólsku kirkjunni eftir að hún kom upp um prest sem hafði misnotað sóknarbörn kynferðis-lega. MacKillop var þó aftur tekin inn í kirkjuna stuttu síðar.

Fjölmargir Ástralar voru við-staddir athöfnina í gær og sungu og fögnuðu eftir að páfinn hafði lesið upp tilkynningu sína. - sm

Virkja verður hugmyndaauðgi starfsfólks fyrirtækja:

# Það vill enginn í bleiku sokkana

**NÝSKÖPUN** „Fyrirtæki standa almennt ekki frammi fyrir vanda-málum á borð við fjárþurrð eða sjóðstreymi heldur skorti á hug-myndum. Þar sem hugmyndir kvikna ekki, þar er vandamál," segir Haraldur U. Diego, einn aðstandenda fundar um mikilvægi sköpunargleði á vinnustöðum sem haldinn var síðastliðinn föstudag. Húsfyllir var á fundinum.

Haraldur segir starfsfólk fyrir-tækja almennt með ríka sköpunar-þörf. Fyrirtækin sem fólkið vinni hjá verði að gera sér grein fyrir því og virkja hana. „Íslendingar gera það almennt ekki," segir Har-aldur, sem telur almennt skorta þor til að sleppa sköpunargleðinni lausri.

„Það þorir enginn að stíga út fyrir rammann sem við erum í, sérstaklega núna þegar fyrirtæki eru að segja upp starfsfólki. Enginn þorir að vera skapandi og mæta í bleikum sokkum í vinnuna og búa til andrúmsloft frjálsleika og hugmyndaauðgi," segir hann og leggur áherslu á að þótt hugmynd-ir séu sumar hverjar ömurleg-ar verði að viðra þær. „Þær vaxa kannski við það. Þannig verða hlut-irnir til. Sama hver hugmyndin er, hún styrkist alltaf við viðbrögð og gagnrýni." - jab



**HARALDUR DIEGO**



# LAGERSALAN STENDUR ENN

af völdum hellum og steinum
á heilum brettum.

Lagersalan er að
**Hringhellu 2 í Hafnarfirði.**

NÚ ALLT AÐ
**60%**
AFSLÁTTUR
af völdum
vörum




**25%**
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM ÖÐRUM
VÖRUM

CE
Allar hellur
Steypustöðvarinnar eru
framleiddar samkvæmt
viðurkenndum stöðlum.

**STEYPUSTÖÐIN**
STERKARI LAUSNIR

Hringhellu 2
221 Hafnarfjörður

Hrísmýri 8
800 Selfoss

Malarhöfða 10
110 Reykjavík

sími 4 400 400
www.steypustodin.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vill meirihluti foreldra banna kirkjuferðir fyrir jól og sálgæzlu presta í skólum þegar áfall dynur yfir?

## Trú og hefðir strokaðar út?

Meirihlutinn í mannréttindaráði Reykjavíkurborgar hefur lagt fram drög að ályktun um samskipti leik- og grunnskóla borgarinnar við trúfélög. Ekki verður annað séð en að nái ýmsar tillögur sem þar er að finna fram að ganga, verði ýmsar gamlar og góðar hefðir í skólastarfinu afnumdar.

Þannig er lagt til að kirkjuferðum fyrir jól verði hætt, en þær hafa verið þáttur í starfi velflestra skóla og leikskóla. Sömuleiðis á að taka fyrir bænahald, sálmasöng og „listsköpun í trúarlegum tilgangi" í skólunum. Það þýðir væntanlega að nú megi ekki lengur syngja sálma á litlu jólunum og ekki föndra myndir af Maríu og Jesúbarninu fyrir jól – eða hvað? Lagt er til að hætt verði að gefa börnum í sjöunda bekk frí til að fara í ferðalag vegna fermingarfræðslu. Heimsóknir fulltrúa trúfélaga í skóla og leikskóla á að banna. Þá er því beint til skólanna að þurfi að leita aðstoðar vegna sálrænna áfalla skuli frekar kalla til „fagaðila" en fulltrúa trúfélaga.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Margrét Sverrisdóttir, formaður mannréttindaráðsins, sagði í samtali við Vísi fyrir helgina að þessar tillögur væru til komnar vegna kvartana foreldra barna í leik- og grunnskólum og fyrirspurna starfsfólks skólanna, sem vildi fá að vita hvaða reglur giltu um samstarf skóla og trúfélaga.

Það er raunar alveg sjálfsagt mál að um það gildi skýrar reglur. En þarf það að þýða að hluti af trú, menningu og hefðum yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar verði strokaður út úr skólastarfinu?

Íslendingar eru að uppistöðu kristin þjóð, þótt fólki sem aðhyllist önnur trúarbrögð eða engin hafi fjölgað. Níutíu prósent Íslendinga eru skráð í kristin trúfélög. Hátt í níu af hverjum tíu börnum fermast í kristinni athöfn. Hér skal fullyrt að yfirgnæfandi meirihluti foreldra barna í leik- og grunnskólum Reykjavíkur er ánægður með kirkjuferðirnar, fermingarfræðsluferðirnar, að prestar komi í skólann þegar áföll dynja yfir (slíkt er raunar hluti af áfallaætlun margra skóla og hefur gefizt vel), að sálmar séu sungnir á litlu jólunum og krakkarnir komi heim með myndir af Maríu, Jesúbarninu og öllum hinum í Betlehem á aðventunni.

Hins vegar er minnihluti foreldra sem kvartar. Þær kvartanir nema kannski einhverjum tugum á ári og sjálfsagt er að starfsfólk skólanna hafi svör og úrræði á reiðum höndum. Rétt minnihlutans ber að virða. Að sjálfsögðu á ekki að þvinga börn, sem ekki eru kristin, til að fara í kirkju heldur finna þeim önnur verkefni á meðan. En það á ekki að taka ánægjuna af kirkjuferðinni af meirihlutanum. Ef einhver vill ekki að börnin hans taki þátt í jólaföndri með kristilegu mótífi, er sjálfsagt að koma til móts við það. En eyðileggjum ekki ævagamlar hefðir fyrir meirihlutanum.

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar virðist fyrst og fremst hafa hlustað á háværan minnihluta foreldra þegar það samdi tillögu sína. Hvernig væri að meirihlutinn léti nú í sér heyra?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871





## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enginn til að útskýra

Kosningar krefjast mikillar sérfræðiþekkingar. Útlit er fyrir að nokkur hörgull verði á henni fyrir næstu kosningar á Íslandi, sem verða til stjórnlagaþings í nóvember. Kosningakerfið er nýtt fyrir íslenskri þjóð og því þarf einhvern til að útskýra það og útfæra leiðbeiningar svo almenningur geti nú kosið að mestu vandræðalaust. Einn maður hefur verið einráður á því sviði nánast svo lengi sem elstu menn muna og verið stjórnvöldum og kjörstjórnum til ráðgjafar fyrir kosningar af öllu tagi. Sá heitir Þorkell Helgason, er í framboði til stjórnlagaþings og því vanhæfur til umfjöllunar um málið.



### Og enginn til að reikna

Í kosningum þarf líka að reikna út niðurstöður, sérstaklega þegar kerfið er flókið eins og nú er. Ríkisútvarpið hefur fengið góðan mann til að sinna því verki mörg undanfarin ár. Hann reiknar eins og vindurinn svo fólk heima í stofu fái upplýsingar um nýjustu vendingar beint í æð. Sá spekúlant heitir Valgarður Guðjónsson, kenndur við Fræbbblana. Valgarður er í líka framboði til stjórnlagaþings og hans mun því væntanlega ekki njóta við í kosningasjónvarpi RÚV að þessu sinni.



### Síðasti sérfræðingurinn

Nú vantar bara að Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðiprófessor gefi kost á sér á þingið og þá er borin von að við fáum nokkurn tíma að vita hver verður raunverulegur sigurvegari kosninganna.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR





## Trú, boð og bönn

Trúmál





Árni Svanur Daníelsson og Kristín Þórunn Tómasdóttir
prestar

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar hefur nú til umfjöllunar samskipti leik- og grunnskóla borgarinnar við kirkju og trúfélög. Meirihluti ráðsins vill samkvæmt fréttum að samskiptin taki mið af þeirri stefnu að gera skólaumhverfið hlutlaust þegar kemur að trúmálum.

Til að ná því fram leggur meirihluti Mannréttindaráðs til breytingar á þeim venjum sem komist hafa á í samskiptum trúfélaga og skóla. Taka á fyrir að börn fái leyfi á skólatíma til að fara í fermingarferðalög, kynning á trúarlegu starfi verði bönnuð innan skóla, sömuleiðis öll umfjöllun um trúarleg málefni, einnig allt starf á vegum trúfélaga í húsnæði skóla og frístundastarfs. Loks á að taka fyrir að leitað sé til presta ef aðstoð þarf við áfallahjálp.

Í þessari umræðu teljum við mikilvægt að hafa nokkur atriði í huga. Hlutleysi í trúmálum þýðir ekki algjöra fjarveru veruleika og menningar trúariðkunar eða lok samstarfs kirkju og skóla. Mannréttindastefna sem byggir á trúfrelsi og virðingu fyrir ólíkum trúarskoðunum fólks krefst þess ekki að opinbert rými og samfélagslegt starf sé gersneytt af trúarlegum minnum.

Við hvetjum flottu borgarfulltrúana okkar í Reykjavík til að hafa í heiðri trúfrelsi sem gengst við þeirri staðreynd að trú og trúariðkun er hluti af samfélaginu okkar. Við hvetjum þau til að tryggja áframhaldandi jafnrétti og umhyggju fyrir öllum skólabörnum, hvaðan sem þau koma og hvaða lífsskoðun þau og fjölskyldur þeirra aðhyllast.

> Hlutleysi í trúmálum þýðir ekki algjöra fjarveru veruleika og menningar trúariðkunar

Við hvetjum borgarfulltrúana líka til að taka ekki frelsið til að haga málum frá skólunum sjálfum og fagfólkinu sem vinnur við mennta- og frístundastarf borgarinnar. Við treystum skólastjórnendum á hverjum stað til að skipuleggja samskipti og samstarf við kirkju, trúfélög og lífsskoðanafélög, við tónskóla, skáta og íþróttafélög. Stöndum vörð um frelsi í hverfi. Við þurfum trú og traust, ekki boð og bönn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Eva + Ísland = Sönn ást

ÍDAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Íslandsvinur: Og maður sér fyrir sér sérvitran yfirkennara í litlum skóla í Wiesbaden sem ungur hreifst af Nonnabókunum. Eða formann Norræna félagsins í Gilleleje. Eða frægðarmenni sem millilenti hér fyrir tíu árum á leið til Ameríku og var svo dópaður að hann hefur aldrei frétt af því. Eða bara hvern þann sem hingað kemur. Þetta hugtak er orðið svo útjaskað að við erum meira að segja hætt að nota gæsalappir kringum það. Brosum bara þreytulega þegar það ber á góma. Íslandssvinur, he he.

Samt eru til raunverulegir Íslandsvinir. Samt er til fólk sem binst þjóðinni slíkum böndum að úr verður ákaft tilfinningasamband. Stundum rekst hingað, nánast eins og fyrir tilviljun, fólk sem nær slíku sambandi við íslensku þjóðina, og verður fyrir slíkum áhrifum af kynnum sínum við þessa skrýtnu þjóð við ysta haf, að hugtakið „Íslandsvinur“ fær skyndilega ljóma sinn á ný.

Eva Joly er ein af þeim sárafáu sem ber heitið Íslandsvinur með sæmd.

**Þegar mest lá við …**

Þegar mest lá við kom hún hingað. Grandalaus þjóð hafði verið blekkt og svívirt af glæpamönnum sem komust upp með gripdeildir sínar vegna þess að öfgamenn um eftirlitsleysi, bóluvöxt og einkavæðingu höfðu komist til valda, afnumið allt regluverk, blásið upp bóluna og afhent gripdeildarmönnunum banka og fjármálastofnanir.

Hún var ekki ein. Katastrófur draga ekki bara að sér samúðarfulla hjálparstarfsmenn heldur líka hýenur og hrægamma. Af slíku liði fengum við nóg að sjá þá hörmungardaga þegar Ísland var að hrynja: skorstöðumeistara sem mættir voru til að hirða restina af verðmætunum sem gripdeildamennirnir höfðu skilið eftir og glaðværa blaðamenn sem hentu gaman að þessari vesalings þjóð í geislandi fyndnum greinum í heimspressunni sem skrifaðar voru á hótelbarnum á 101 milli viðreynslna og kokteila …

Þegar mest lá við: Þegar ríkisstjórnin steig það gæfuspor að ráða Evu Joly sem sérstakan ráðgjafa hins tiltölulega nýskipaða sérstaka saksóknara hafði hún ekki aðeins fram að færa dýrmæta þekkingu á því hvernig aflandseyjapeyjarnir fela slóð sína heldur færði hún þessu unga og brothætta embætti annað sem var ekki síður mikilvægt: traust og trúverðugleika.

Við sjáum þegar árangur af starfi hennar. Embætti sérstaks saksóknara hefur eflst og við höfum ástæðu til að ætla að það muni ná árangri með tíð og tíma.

Árangurinn af starfi og ekki síður nærveru Evu Joly í íslensku þjóðlífi má þó ekki síst sjá í viðbrögðum þeirra sem óttast hana og þann árangur sem starf hennar kann að hafa. Nýlega vakti mikla athygli – og má skoða á youtube og sjálfsagt víðar – einræður Ingva Hrafns Jónssonar, eins helsta talsmanns Sjálfstæðisflokksins í þjóðmálum um árabil, þar sem hann er beinlínis gólandi hástöfum af hatri og heift í garð þessarar konu. Svipaðar rokur höfum við heyrt með reglulegu millibili – en gargið og ýlfrið aldrei verið sem nú.

> Árangurinn af starfi og ekki síður nærveru Evu Joly í íslensku þjóðlífi má þó ekki síst sjá í viðbrögðum þeirra sem óttast hana

**Enginn erindreki**

En allt kemur fyrir ekki: Íslendingar skynja velvild hennar og virðingu fyrir hinum venjulega Íslendingi og algjört virðingarleysi hennar fyrir valdaöflunum sem hafa átt Ísland frá því einhvers staðar í Sturlungu. Hvar í flokki sem við stöndum finnum við að hún tilheyrir engum þeirra. Hún gengur engra erinda annarra en íslensku þjóðarinnar. Þegar hún talar er hún ekki að villa um fyrir þjóðinni í þágu LÍÚ eða BÍ eða SA eða KFUM, Eimreiðarklíkunnar, Engeyjarættarinnar, Briem-aranna, Ásbirninga, Baugs, Bakkabræðra, Frímúrara, Félags íslenskra útrásarvíkinga eða hvað þetta allt saman heitir þetta lið sem stendur fyrir því frámunalega skæklatogi sem íslensk umræða er, þar sem atvinnukjaftaskar á launum reyna að spila með okkur í þágu ískaldra peningahagsmuna og valda.

Nei: þegar Eva Joly talar vitum við að hún hefur hugsað málið út frá því sem hún heldur að reynist íslensku þjóðinni best. Það táknar ekki að hún sé véfréttin sjálf frá Osló: það táknar hins vegar að við getum treyst því að hún vill okkur vel og við eigum að hlusta þegar hún talar.

Hlustum á Evu þegar hún hvetur ríkisstjórnina til að fara sér hægar í niðurskurði ríkisútgjalda til velferðarmála því að það verður að vera hægt að búa hér – það verður að vera gott að búa hér.

Hlustum á hana þegar hún varar okkur við því að gera bráðræðissamninga við aðvífandi fyrirtæki eins og Magma samningurinn virðist vera dæmi um.

Hlustum á hana þegar hún segir að við eigum heima við borðið hjá Evrópusambandinu þar sem sjálfstæðar þjóðir ráða ráðum sínum og semja um sín mál sem jafningjar.

AF NETINU

## Ísland og Eva Joly



Stórfellt framsal á fullveldi Íslands til meginlands Evrópu er í mótsögn við kjarnahugsun sjálfstæðisbaráttunnar: Íslendingar eiga að hafa forræði á sínum málum. Fullveldi sem við njótum í dag væri stórlega skert með inngöngu í Evrópusambandið og allar líkur að það myndi skerðast enn frekar eftir því sem Evrópusambandið fær auknar valdheimildir.

Evu Joly gengur eflaust gott eitt til. Heimili hennar er Frakkland og hún horfir á heiminn út frá sjónarhorni íbúa meginlands Evrópu. Frá Íslandi lítur heimurinn öðruvísi út.

pallvil.blog.is

**Páll Vilhjálmsson**

## Um Ríkislögreglustjóra



Við þessa uppstokkun er óhjákvæmilegt að hafa að leiðarljósi, að sérsveit lögreglunnar verði ekki eyðilögð sem sérstæð eining, sem sé ávallt til taks til að sinna sérstökum verkefnum. Nú þegar eru sérsveitarmenn í Reykjavík, á Suðurnesjum og Akureyri. Menn með þjálfun sérsveitarmanna starfa einnig í einstökum lögregluliðum. Þá verði áfram lögð áhersla á greiningarvinnu með forvirkar rannsóknarheimildir sem markmið. Loks verði lögð rækt við öflugt alþjóðasamstarf lögreglu.

bjorn.is

**Björn Bjarnason**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Fólk án atvinnu fær frystingu á húsnæðislánum

Komdu og ræddu við ráðgjafa í næsta útibúi Íslandsbanka

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**EINAR JÓNSSON** myndhöggvari (1874-1954) lést þennan dag.

*„Listamaðurinn verður að vera sjálfstæður og ausa af sinni eigin auðlegð en ekki annarra.“*



†

*Elsku frænka okkar*

**Sigrún Inga Magnúsdóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli miðvikudaginn 13. október.

Útför hennar verður gerð frá Neskirkju föstudaginn 22. október kl. 15.00.

**Hjördís Kristinsdóttir**
**Sigrún Kristinsdóttir**
**Magnús Eyjólfur Kristinsson**
**Sólveig Kristinsdóttir**
**Ingunn Guðlaug Jónsdóttir**
**Kristjana Jónsdóttir**
**Elín Sigrún Jónsdóttir**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haraldur Þorsteinsson**

lést á hjúkrunardeild Hrafnistu í Hafnarfirði þann 5. október sl. Útför hans fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 19. október nk. kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Sigurður Haraldsson** — **Jóna Guðjónsdóttir**
**Þorsteinn Haraldsson** — **Lára V. Júlíusdóttir**
**Ingibjörg Haraldsdóttir** — **Sturla Þorsteinsson**
**Ástráður Haraldsson** — **Eyrún Finnbogadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma*

**Ása Sólveig Þorsteinsdóttir**

Barðastöðum 9, Reykjavík

lést á Krabbameinslækningadeild Landspítalans við Hringbraut mánudaginn 11. október. Útför fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 19. október kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið.

**María Guðmundsdóttir** — **Guðmundur Valur Sævarsson**
**Áslaug Guðmundsdóttir**
**Guðlaugur Guðmundsson** — **Þórey Birgisdóttir**
**og barnabörn.**


GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Frí áletrun

Fallegir legsteinar á einstöku verði



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími: 571 0400, legsteinar@gmail.com





**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

**ÞETTA GERÐIST:** 18. OKTÓBER 1991

## Listskreytingar ráðhússins



Á þessum degi árið 1991 voru verðlaun og viðurkenningar veittar fyrir listskreytingar í ráðhús Reykjavíkur. Myndskreytingu í Borgarstjórnarsal gerði Kristján Guðmundsson og hlaut 300.000 króna verðlaun fyrir og Ingibjörg S. Haraldsdóttir, Erla Þórarinsdóttir og Guðrún Erla Geirsdóttir hlutu viðurkenningu fyrir klæðistjöld í Tjarnarsalinn.

Markús Örn Antonsson, þáverandi borgarstjóri, afhenti verðlaunin og viðurkenningarnar við athöfn á Kjarvalsstöðum og við það tækifæri sagði Kristján að verk sitt væri hugsað frá þeim sjónarhóli að stjórnun borgarinnar væri eins og að „semja tónverk sem aldrei lyki“. Hann hrósaði undirbúningsnefnd fyrir grunnvinnu að sagði að sú vinna hefði létt undir með listamönnunum. Þá sögðu hönnuðir klæðistjaldanna að verk þeirra hefði verið talsvert flókið, sérstaklega hvað tæknilegu hliðina varðaði og Guðrún Erla sagði að gaman væri að vinna að slíku verkefni í samstarfi við aðra listamenn.



**GÖMUL GILDI** „Við erum alltaf að reyna að bæta okkur en höldum þó vel í gömul gildi og pössum að gera nemendur okkar að aðalatriði,“ segir Guðmundur Sighvatsson, skólastjóri Austurbæjarskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

80 ÁR FRÁ STOFNUN AUSTURBÆJARSKÓLA: AFMÆLISHÁTÍÐ FRAM UNDAN

# ERUM EIN STÓR FJÖLSKYLDA

Áttatíu ár eru liðin frá því að Austurbæjarskóli tók til starfa. Af því tilefni verður efnt til hátíðardagskrár næstkomandi miðvikudag, 20. október, þar sem skólinn verður opinn fyrir gesti og gangandi frá klukkan hálfníu um morguninn til átta um kvöldið. Guðmundur Sighvatsson er skólastjóri Austurbæjarskóla og hefur starfað við skólann í nærri fjörutíu ár.

„Ég hóf kennslu við Austurbæjarskóla árið 1973 og ef frá er talinn einn vetur í Langholtsskóla er þetta eini grunnskólinn sem ég hef starfað við. Það eru því miklar tilfinningar í spilinu,“ segir Guðmundur. Þegar hann hóf störf voru enn starfandi kennarar við skólann sem höfðu verið þar frá upphafi. Guðmundur segir það hafa verið mikil forréttindi að fá að vinna með og kynnast því fólki.

„Ég náði að verða samferða sumum af þessum kennurum þeirra síðustu starfsár og maður var því svo heppinn að fá að upplifa viðhorf þeirra til starfsins og kynnast þeirra gildum. Við skólann hefur starfað margt gott fólk og óskaplega margir rithöfundar. Má þar nefna Jóhannes úr Kötlum, Ragnheiði Jónsdóttur, Vilborgu Dagbjartsdóttur og Stefán Jónsson sem kenndi hér árum saman. Árlega tek ég á móti fimm til sex hópum af gömlum nemendum, á miðvikudaginn í næstu viku kemur hingað til að mynda fólk sem var hjá Stefáni og er fætt árið 1928.“

Skólabyggingin er ein sú veglegasta sem reist hefur verið hérlendis, en Sigurður Guðmundsson teiknaði húsið og Ásmundur Sveinsson á heiðurinn af lágmyndum yfir aðaldyrum skólans. „Mikill metnaður var lagður í allt er viðkom byggingu skólans á sínum tíma en margt er auðvitað barn síns tíma. Kennslustofur voru þá frekar litlar, enda voru borðin miklu minni en þau eru nú til dags, kennslubækur minni í sniðum og skólatöskurnar þynnri. Fyrirferðin í kringum kennslugögn og slíkt hefur breyst mikið og segja má að þau séu plássfrekari í dag. Það er forvitnilegt að skoða þessa sögu. Á afmælishátíðinni verðum við með sýningu í leikfimisalnum á gömlum munum sem sýna einmitt þróun námsbóka og kennslugagna en við eigum afar gott safn af slíku,“ segir Guðmundur og bætir við að ekki eigi margir skólar Íslandskort frá árinu 1928.

Dagskráin á miðvikudaginn samanstendur af ýmsu skemmtilegu. Má þar nefna að auk sýningarinnar mun Hollvinafélag Austurbæjarskóla taka á móti gestum í stofu 202 allan daginn og á annarri hæð verður starfrækt Kaffihús Helgu Sigurðardóttur, sem kenndi við skólann frá stofnun hans og til ársins 1942.

Guðmundur segir að stefna skólans sé meðal annars að gera betur á morgun en gert var í dag. „Við erum alltaf að reyna að bæta okkur en höldum þó vel í gömul gildi og pössum að gera nemendur okkar að aðalatriði. Þannig eru það tíundu bekkingar sem sjá um að setja upp sögusýninguna á afmælinu. Við lítum á okkur sem eina stóra fjölskyldu og höfum sterka sýn á þarfir nemenda. Einkunnarorð okkar eru þau að allir eru góðir í einhverju og enginn þarf að vera góður í öllu.“ **juliam@frettabladid.is**



†

*Faðir okkar og tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Ástráðsson**

Boðaþingi 5, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 19. október kl. 11.00.

**Magnús Guðmundsson** — **Jónína Pálsdóttir**
**Guðmundur Örn Guðmundsson** — **Auður Inga Einarsdóttir**
**Ástráður Karl Guðmundsson** — **Hrefna Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur systursonur, bróðir, mágur og frændi,*

**Guðjón Þorsteinsson**

Svínafelli í Öræfum,

andaðist á Landspítalanum í Reykjavík miðvikudagskvöldið 13. október. Útförin fer fram frá Hofskirkju í Öræfum laugardaginn 23. október kl. 14.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Jón Páll Pálsson**
**Jóhann Þorsteinsson** — **Hafdís Sigrún Roysdóttir**
**Pálína Þorsteinsdóttir** — **Ólafur Sigurðsson**
**Halldór Þorsteinsson.**

# Ný tæki
í miklu úrvali
# á betra verði



TRX
ROPE YOGA
SLENDERTONE
REEBOK
YORK
IRON GYM
GYMBOSS
POWERBALL



allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 22 ár
1988-2010

Byrjaðu veturinn með
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 - 18 - LAUGARD. 11 - 15

Mikið úrval af smáhlutum og tækjum frá Reebok
Vandaðar vörur á góðu verði!

Reebok



REEBOK BEKKUR
KR. 39.995.-



REEBOK TRAMBOLIN
KR 19.995.-



REEBOK ÆFINGABOLTAR
M/BALANCEÞYNGD
55 CM KR.5.995.-
65 CM KR.6.995.-
75 CM KR. 7.995.-



REEBOK TEYGJUR 1-4
KR. 3.995.-



REEBOK YOGADÝNA
KR. 4.995.-



REEBOK

Reebok

REEBOK PILATES ÆFINGADÝNA
KR. 9.995.-







REEBOK LYFTINGASETT
KR. 29.995.-



# ROPE YOGA

er heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi sem skilar skjótum árangri og stuðlar að varanlegum breytingum á líðan þinni og lífsháttum.



| | |
|---|---|
| ROPE YOGA FERÐASETT | KR. 19.995.- |
| ROPE YOGA FERÐASETT M/DVD | KR. 24.995.- |
| ROPE YOGA BEKKUR | KR. 69.950.- |
| ROPE YOGA DVD | KR. 5.995.- |

**FRÁBÆR SÉRTILBOÐ**

ROPE YOGA FERÐASETT M/DVD
OG 8 VIKNA NÁMSKEIÐI HJÁ
ROPE YOGA SETRINU — KR. 39.995.-

ROPE YOGA BEKKUR
M/8 VIKNA NÁMSKEIÐI HJÁ
ROPE YOGA SETRINU — KR. 79.950.-

GYMBOSS



GYMBOSS TÍMASTJÓRNUNARTÆKI /
SKEIÐKLUKKA O.FL.
FRÁBÆRT FYRIR ÆFINGAR,
HLAUP, LÍKAMSRÆKTINA O.FL.
KR. 3.995.-

YORK FITNESS
Mikið úrval af lóðum,
handlóðasettum og stöngum





YORK HANDLÓÐASETT M/ÆFINGAKERFI
20 KG - KR. 16.995.-



YORK DYRASLÁ -
KR.5.995.-

YORK HANDLÓÐA PAR

| | |
|---|---|
| 1,0 KG | KR. 1.895.- |
| 1,5 KG | KR. 2.695 |
| 2,0 KG | KR. 3.495.- |
| 2,5 KG | KR. 3.995.- |
| 3,0 KG | KR. 4.695.- |
| 4,0 KG | KR. 5.495.- |
| 5,0 KG | KR. 6.495.- |



YORK ÆFINGABOLTAR
M/PUMPU OG ÆFINGAKERFI
55 CM - KR. 4.995.-
65 CM - KR. 5.995.-
75 CM - KR. 6.995.-



Byrjaðu veturinn með
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717



**Skúffur og skápa** þarf að skipuleggja reglulega, þrífa og henda því sem ekki er lengur í notkun. Tilvalið er að gera þetta á þessum árstíma svo það sé búið áður en kemur að jólahreingerningunni.




**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447













**Snæbjörn Þór Stefánsson vöruhönnuður stendur í stórræðum**




# *Ákváðum að reyna að bjarga okkur sjálf*

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eftir síðasta fæðingarorlof voru verkefni okkar hjónanna óljós en við ákváðum að reyna að bjarga okkur sjálf. Vissum þó ekki alveg hvað til bragðs skyldi taka en þá sáum við tækifæri hér í bakgarðinum. Þar var þriggja hæða hús í miklum ólestri sem þurfti að taka í gegn,“ segir Snæbjörn Þór Stefánsson vöruhönnuður, sem ásamt Róshildi Jónsdóttur eiginkonu sinni keypti hús á Grettisgötu 53 í janúar í þessu ári. Þau eru sjálfstætt starfandi vöruhönnuðir og eru með fyrirtækið Hugdettu en síðustu sex mánuði hafa þau unnið að því að gera húsið í bakgarðinum „mínus fokhelt“, eins og Snæbjörn Þór orðar það, og byggja það upp aftur. Nú eru þau komin með það í útleigu að hluta. „Við höfum staðið í þessu sjálf en fengið holl ráð og leiðbeiningar hjá arkitekti,“ segir hann.




**Gardínur** hafa oft meira að segja en ætla mætti. Skemmtilegt getur verið að eiga fleiri en einn umgang fyrir gluggana og skipta út eftir árstíðum eða bara hvernig liggur á fjölskyldumeðlimum.





Rannsóknir benda til þess að heilsusamlegt sé að hafa lifandi plöntur í híbýlum manna. Gróflega má skipta inniplöntum í tvo flokka: grænar plöntur sem oftast eru fjölærar, og blómstrandi plöntur sem ræktaðar eru vegna blómprýði og eru oft einærar. Það skemmtilega við blómstrandi plöntur er að margar þeirra eru árstíðabundnar og gefa heimilinu blæ hverrar árstíðar. Almennt má segja að blómstrandi plöntur þurfi góða vökvun og birtu en grænar plöntur minni vökvun, sér í lagi yfir vetrartímann.

**www.byflugan.is**

Framhald af forsíðu

Húsið á Grettisgötu 53 er frá 1921 en hefur nú gengið gegnum algerar endurbætur bæði að utan- og innverðu. Það skiptist í nokkrar íbúðir, sem Snæbjörn Þór segir hugsaðar sem skammtíma leiguhúsnæði með öllum þægindum í miðbæ Reykjavíkur. „Fólk þarf ekki að koma með neitt nema fötin sín,“ bendir hann á.

Allt er hannað inn í íbúðirnar af húsráðendum og sérsmíðað á Íslandi. Eldhúsin hjá Hit-innréttingum í Kópavogi og svefnsófinn hjá Sólóhúsgögnum og GÁ húsgögnum en svampurinn í honum er frá Lystadúni. „Það sem gerðist við hrunið var að fyrirtækin hér heima urðu samkeppnishæf í verði við þau erlendu og skila auðvitað líka góðri vöru,“ segir Snæbjörn Þór. Hann segir markmiðið að hafa mestmegnis hluti eftir unga íslenska listamenn og hönnuði í húsinu. „Við viljum að fólkið sem gistir hér sé meðvitað um að flest hér inni sé búið til á Íslandi, þannig að það upplifi miðborgina og stemninguna í menningu og listum.“ *gun@frettabladid.is*



Sófinn í stofunni er bæði til setu og svefns eins og sjá má.



Eldhúsið er í senn einfalt og einstakt. Er dálítið stofustáss enda snýr það fram í stofuna en æpir þó ekki á neinn.



Höfðatorgi, Borgartúni 16 Reykjavík 562 2422, Furuvellir 7 Akureyri 461 2760, www.litaland.is



# Verðlaunin klapp á bakið

**Arkitektarnir Erla Dögg Ingjaldsdóttir og Tryggvi Thorsteinsson reka hönnunarstofuna Minarc í Los Angeles. Þau hanna gjarnan úr endurunnu hráefni og hlutu verðlaunin R+D hjá Architect Magazine.**

Vaskurinn Rubbish eftir Erlu Dögg Ingjaldsdóttur og Tryggva Thorsteinsson arkitekta vann til verðlauna á dögunum, R+D award, research and development, en þau eru veitt af bandaríska hönnunartímaritinu Architect Magazine.

Vaskurinn er búinn til úr endurunnum hjólbörðum sem búið er að bræða í mottur. Erla og Tryggvi, sem eiga og reka hönnunarstofuna Minarc í Santa Monica í Bandaríkjunum, segja vaskinn byggðan á hugmyndum um notagildi og umhverfisvernd.

„Það er á okkar allra ábyrgð sem manneskja að finna leiðir til að nýta það sem við getum ekki eytt. Vaskurinn er ein leið til þess og við vonum svo sannarlega að hann opni augu fólks fyrir fleiri hugmyndum,“ segja Erla og Tryggvi.

Vaskurinn er í raun mjúk gúmmímotta sem fest er á ramma. Niðurfallið strekkir mottuna niður og myndar dýpt vasksins. Hann er grunnur, en hönnuðirnir benda á að fólk sé löngu hætt að því sokkana sína í vaskinum.



Rubbish er þegar kominn í framleiðslu og fæst í þremur litum: bláum, svörtum og gráum. Endurvinnsla er stór þáttur í hönnun Erlu og Tryggva og þau segja verðlaunin hvatningu.

„Þetta er klapp á bakið. Það er okkar markmið að vinna með það sem til er og nota efni á annan hátt en þau voru ætluð fyrir upphaflega,“ útskýrir Erla og nefnir sem dæmi steyptar einingar sem þau Tryggvi nýta í klæðningar á hús. Upphaflega voru einingarnar nýttar við uppbygginguna Las Vegas. „Eins notum við svokallað „rubber dip“ á stiga, efni sem upphaflega var ætlað fyrir betra grip á verkfærahöldur. Það er gefandi að gefa hlutum annað líf og við munum halda áfram að hanna úr endurunnu. Smám saman lærum við að vinna úr því sem búið er að offramleiða. Í framtíðinni verður ekkert rusl heldur bara verðmæti,“ segja Erla og Tryggvi.

Heimasíða Minarc er www.Minarc.com og þar er hægt að leggja inn pöntun fyrir vaskinum Rubbish. Minarc er einnig á Facebook.

*heida@frettabladid.is*

Erla og Tryggvi segja það á ábyrgð okkar allra að nýta það sem við ekki getum eytt.



Rubbish er þegar kominn í framleiðslu en hægt er að panta hann á info@minarc.com. MYND/ERLA DÖGG INGJALDSDÓTTIR



Við erum löngu hætt að því sokkana okkar í vaskinum, segja hönnuðirnir. MYND/VLADAN ELAKOVIC



Erla Dögg Ingjaldsdóttir og Tryggvi Thorsteinsson arkitektar segja gaman að gefa hlutum annað líf. MYND/SISSA




Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

TRYGGÐ GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

TENGI

AKUREYRINGAR OG NÆRSVEITAMENN - VERIÐ VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR.




GÆÐI ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

SPHINX
upphengt salerni



MINITEC gólfhitakerfið hentar einkar vel við endurbætur á eldra húsnæði. Heildarþykkt með ílögn er aðeins 1,5 cm. Leggja má beint á gólfið, hvort sem er á stein eða timbur.



MORA MIXX eldhústæki



Öll MORA blöndunartæki eru vottuð í samræmi við þær gæðakröfur og reglugerðir sem til þeirra eru gerðar, er varðar flutning á neysluvatni (matvælum) og rennslishávaða í neysluvatnskerfum.

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050



YFIRHAFNADAGAR

20%

AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM

GILDIR ÚT MORGUNDAGINN 19. OKTÓBER

BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770



Vandaðir skór fyrir veturinn!

Sérlega þægilegir herraskór úr mjúku leðri og með góða breidd.

„aircomfort"



Teg: 48096
Litir: svart og brúnt
Stærðir: 40 - 47

Misty skor
Laugavegi 178

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur


# Emalerað í eldhúsinu

**Gamaldags blómamunstur á emaleruðum járnkönnum, bollum og fötum minnir án efa á gamla og góða tíma. Enn má fá slíka húsmuni í verslunum í bænum.**



Hárauður mjólkurbrúsi. Fríða frænka Vesturgötu. 2.000 kr.




Gamall og veðraður sápubaukur. Fríða frænka á Vesturgötu. 450 kr.



Baðkanna með bleikri rós. Þorsteinn Bergmann á Skólavörðustíg 3.980 kr.



Kaffikanna með bleikri rós. Brynja á Laugavegi. 4.570 kr.



Teketill skreyttur litlum blómum. Brynja á Laugavegi. 5.845 kr.



Bolli skreyttur litlum blómum. Brynja á Laugavegi. 1.585 kr.



Fallegt sigti. Þorsteinn Bergmann á Skólavörðustíg 4.800 kr.


Rauðakrosshúsið Reykjavík
- fyrir atvinnuleitendur

## Dagskrá vikunnar

Vikan 18. - 22. október

**Mánudagur 18. október**

▶ Líkamsstaða og lífstíll - Farið yfir hvernig líkamsstaða breytis í áranna rás við miklar setur og kyrrstöðu. Hvernig er þinn lífstíll? geturðu breytt einhverju í pínum lífstíl?Einkaþjálfari leiðbeinir um þessa þætti og bendir á leiðir til úrbóta. Umsjón: Fanney Úlfljótsdóttir, einkaþjálfari. Kl. 15:00 -16:00

▸ Ljósmyndaklúbbur kl. 13 -14 ▸ Prjónahópur kl. 13 -15

**Þriðjudagur 19. október**

▶ Qi-Gong - Fáðu leiðsögn í Qi-Gong æfingum sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Umsjón: Viðar H. Eiríksson. Kl. 12 -13

▶ Bowen tækni - kynning á Bowentækni sem getur lagað kvilla og bætt líðan til muna. 20 mínútna einstaklings prufutími. Skráning nauðsynleg. Umsjón: Guðmann Elíasson, Bowen tæknir. Kl.13-15

▸ Gönguhópur kl. 13 -14 ▸ Vinnum saman (Býflugurnar) kl. 14 -16
▸ Skiptifatamarkaður kl. 14 -16

**Miðvikudagur 20. október**

▶ Listin að lifa - Art of Living - Öndunartækni og hugleiðsla sem hjálpar til við að lifa í núinu. Umsjón Lilja Steingrímsdóttir. Kl. 13 -14

▶ Nudd-blanda - Komið og lærið frískandi nudd æfingar fyrir líkama og sál, sem stuðla að slökun og vellíðan í amstri dagsins. Umsjón: Guðlaug H. Kristjánsdóttir nuddari. Kl. 14:30 -15:30

▸ Lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur - Skráning æskileg. Kl. 14 -16
▸ Tölvuaðstoð kl. 13:30-15:30 ▸ Briddsklúbbur kl. 14 -16

**Fimmtudagur 21. október**

▶ Myndlist - Býr listamaður í þér? Nú er tækifærið að finna hann og þroska með aðstoð myndlistarkennara sem leiðbeinir í olíu- og vatnslitamálun, meðferð pastellita og teikningu. Umsjón: Teresa Rodrigues, mynd- og leirlistakona. Kl. 13:30 -15:30

▸ Saumasmiðjan Kl. 13-15 ▸ Jóga Kl. 14:30-15:30 ATH!! Breyttur tími.

**Föstudagur 22. október**

▶ Láttu drauminn rætast - Hefur þú gengið um með hugmynd í kollinum lengi en ekki þorað að stíga skrefið til fulls og látið drauminn rætast? Umsjón: Fjóla Einarsdóttir. Kl.13:30-15:30

▶ Hvað liggur þér á hjarta? - Spjallhópur Býflugna. Kl.13:30-15

▸ Létt leikfimi í Rauða kross húsinu Kl. 10 ▸ Hláturjóga kl.15-16
▸ Gönguhópur - hvernig sem viðrar Kl. 13-14 ▸ Vöflukaffi Kl. 14-15:30

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Opið mánudaga til föstudaga kl. 13-16
raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is



Castello
PIZZERIA

Í tilefni 3 ára afmælis

40% afsláttur af sóttum pizzum

Tilboðið gildir frá 18. - 24. október







Í Hafnarfirði eru í boði speltpizzur

Ekta eldbakaðar pizzur eins og þær eiga að vera



Alltaf ferskasta hráefnið sem völ er á

Sími: 577 3333
Dalvegi 13, Kópavogi
Opið alla daga kl. 11-01

Dalshrauni 13, Hafnarfirði
Opið sun. - fim. kl. 11-23,
fös. og lau. kl. 11-23:30

www.castello.is



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft…







Friðbert
S. 820 6022
Sölufulltrúi

Rúnar
S. 842 5886
Sölufulltrúi

Sigurður
S. 896 2312
lögg. fasteignasali

Magnús
S. 897 8266
lögg. fasteignasali

Þórarinn
S. 770 0309
Sölufulltrúi

Þú hringir, við seljum! 512 4900

LANDMARK
FASTEIGNASALA

Þarftu að selja fasteign?
Seldu fasteignina hjá okkur!



FASTEIGNASALAN TORG
KRAFUR - TRAUST - ÁRANGUR

Garðatorgi 5,
210 Garðabæ
Sími 520 9595
Fax 520 9599
www.fasttorg.is

Breiðahvarf, 203 Kópavogi






Glæsilegt einbýlishús með stórkostlegu útsýni. Fallega innréttað 60 fm gestahús /vinnustofa. Mjög góð lofthæð í öllu húsinu og í aðalrými er hún 4m. Allar hurðir og innréttingar sérsmíðaðar úr liggjandi hnotu og granít á borðum. Gólfefni er náttúrusteinn og innflutt gegnheilt „hallarparket" Útgengt úr öllum herbergjum hússins út í garð. Mikið lagt í garðinn, stórt og mikið stuðlaberg, stórar verandir úr harðvið og heitur pottur.

Hringdu núna og fáðu frekari upplýsingar hjá
Hafdísi sölustjóra gsm 895-6107 eða hafdis@fasttorg.is




Húsið er á vinsælum stað í Kópavogi.

# Fjölskylduhús í Fjallalind

**Heimili fasteignasala er með til sölu vel skipulagt parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í Fjallalind í Kópavogi. Húsið er skráð 202,4 fermetrar, þar af er íbúðarrými 172,4 fermetrar og bílskúr 30 fermetrar.**

Gengið er inn á efri hæð í flísalagða forstofu með fataskápum. Innangengt er úr forstofu í bílskúrinn. Inn af forstofu er herbergi með fataskápum og parketi á gólfi. Baðherbergi er flísalagt með sturtuklefa og hita í gólfi. Eldhús er opið með flísum á gólfi, eikarinnréttingu, innbyggðum tækjum, eyju og háfi. Útgangur er á flísalagðar svalir. Stofa er parketlögð. Gott útsýni er frá stofum.

Léttur eikarstigi liggur niður á neðri hæðina. Þar er sérinngangur, fjögur góð parketlögð svefnherbergi með fataskápum. Stórt nýtt flísalagt baðherbergi með baðkari, sturtu og fallegri innréttingu. Þvottahús með góðri innréttingu og flísum á gólfi. Góð geymsla. Frá neðri hæð er útgangur í afgirtan garð með timburverönd.

Bílskúr með góðri lofthæð og millilofti og miklum hillum.

Gott vandað fjölskylduhús á vinsælum stað. Áhvílandi hagstæð lán.


heimili
FASTEIGNASALA





Bogi
Pétursson
lögg. fasteignasali

Finnbogi
Hilmarsson
lögg. fasteignasali

Andri
Sigurðsson
lögg. leigumiðlari

Sími
530 6500
Opið mán.–fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson og
Bogi Pétursson
löggiltir fasteignasalar



**Hamravík - einbýli.**
Fallegt og vandað 240 fm hús með innbyggðum bílskúr. Frábær bakgarður, sólpallar, heitur pottur, einstök staðsetning og frábært útsýni og gönguleiðir.
**V. 69,0m.**



**Selbrekka - Tvær íbúðir.**
Mikið endurnýjað 230 fm einbýlishús með 2ja herbergja aukaíbúð á neðri hæð. Nýlegar innréttingar og golfefni, raf- og pípulagnir. Góður bakgarður, sólpallur með heitum potti.
**V. 57,0m.**



**Fjallalind - parhús.**
Fallegt vandað og fullbúð 230 fm parhús með fimm svefnherbergjum. Góð hönnun og fallegar innréttinga.
**V. 57,0 m.**



**Melabraut - Seltj.**
Hæð með sérinngangi á efstu hæð með frábæru útsýni. Eignin sjálf er skráð 135 fm og bílskúrinn 29 fm eða samtals 164 fm.
**V 34,5 m.**



**Gullengi - 5 herbergja.**
Falleg opin og björt 140 fm endaíbúð á 3. hæð. Sérinngangur, stórar svalir. mikið útsýni og vel innréttuð.
**V. 32,9 m.**



**Arnarsmári - 4ra herb.**
Glæsileg 100,1 fm íbúð á 3. hæð með miklu útsýni í góðu fjölbýli á eftirsóttum stað í Smáranum.
**V 24,9 m.**



**Hraunbær - eldri borgarar**
Mjög rúmgóð 68,9 fm 2ja herb. íbúð á 9 hæð með glæsilegu útsýni.
**V 21,9 m.**



**Bárugata - 2ja herb.**
Mjög vel staðsett og nýuppgerð björt og falleg 62 fm íbúð með sérinngangi. Garður í suður.
**V 19,9 m.**



**Austurberg - Breiðholti.**
Falleg og vel umgengin 88,7 fm 4ra herb. íbúð á 4 hæð (efsta hæð) ásamt 19,7 fm bílskúr, samtals: 106,6 fm.
**V 21,5 m. Áhv. 18,2 m.**



**Brekkubyggð - raðhús.**
Fallegt og vel staðsett 109 fm (þaraf 19,3 fm bílskúr) milliraðhús með sérinngangi á tveimur hæðum með glæsilegu útsýni. **V 24,0**



**Hraunbær - 2ja í góðu fjölbýli.**
Íbúðin snýr öll til suðurs og er um 60 fm. Endurnýjað eldhús. Gott skipulag.
**V. 13,9 m.**



**Rauðavað -stór 2ja.**
Glæsileg 92 fm íbúð á jarðhæð. Sérlega vönduð og rúmgóð í alla staði. Stór sérafnotareitur út frá stofunni.



**Álfaskeið - Hafnarfirði.**
Vel skipulögð 57,3 fm 2ja herbergja íbúð ásamt bílskúr, samtals 81 fm. Áhv. mjög hagstætt lán frá Íbúðalánasjóði



**Öldugata - 101 Rvk.**
Um er að ræða 64,6 fm 2ja herbergja íbúð í kjallara með sérinngangi á eftirsóttum stað í 101.

**Heimili Fasteignasala • Skipholt 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is**

# DOMUSNOVA
## Fasteignasala

Turninum 12. hæð - Smáratorgi 3 - 201 Kópavogi - domusnova@domusnova.is - www.domusnova.is



**Axel Axelsson**
Löggiltur fasteignasali



**Albert Úlfarsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími: 821 0626



**Bóas Ragnar Bóasson**
Sölustjóri
Sími: 699 6165



**Lárus Óskarsson**
Sölumaður
Sími: 823 5050



**Guðmundur Á. Guðmundsson**
Sölumaður
Sími: 891 7107

Hjá Domusnova starfa metnaðarfullir sölumenn og löggiltir fasteignasalar sem leggja allt upp úr því að veita framúrskarandi þjónustu á öllum sviðum.

Okkar stefna er sú að viðskiptavinir okkar, kaupendur og seljendur, upplifi þá þjónustu sem allir óska sér að geta fengið.

Þannig viljum við ávallt leggja grunninn að langtímasambandi Domusnova og viðskiptavinarins.

Við veitum þér reglulega upplýsingar um fasteignamarkaðinn og leiðbeinum þér í hverju skrefi.




### Sæbólsbraut 26
200 KÓP | 69 fm

Falleg og vel skipulögð 2ja herb. íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli með svalir í suður. Stutt í góðar göngu og hjólaleiðir um Fossvoginn, Öskjuhlíð og Nauthólsvík. Opið hús mánud. 18.10 16.30-18.30.

**Uppl:** Albert 821 0626




### Efstasund
104 RVK | 63,8 fm

FALLEG 2-3JA HERBERGJA KJALLARAÍBÚÐ Á ÞESSUM GÓÐA STAÐ Í SUNDUNUM Í REYKJAVÍK. (SKIPTI MÖGULEG Á STÆRRI EIGN).Áhvílandi lán frá ÍLS upp á 9,1 millj.

**Uppl:** Albert 821 0626




### Jórutún
800 SEL | 208,9 fm

Vel staðsett og glæsilegt einbýlishús á einni hæð á þessu góða útsýnisstað við Ölfusá á Selfossi. SKIPTI KOMA TIL GREINA, HELST Í 101/107 REYKJAVÍK.

**Uppl:** Albert 821 0626




### Baldursgata
101 RVK | 52 fm

Falleg og björt 2ja herberja íbúð með sér inngangi í bakhúsi í Þingholtunum. Flísalögð forstofa. Meiri lofthæð í stofu, halogenlýsing.

**Uppl:** Albert 821 0626




### Torfufell 23
111 RVK | 58,1 fm

Hugguleg tveggja herbergja íbúð á jarðhæð með sólpalli og sér afgirtum garði. Eignina er mikið endurnýjuð og lítur hún mjög vel út. Opið hús þriðjud. 19.10 kl. 12.15-12.45.

**Uppl:** Guðmundur 891 7107




### Fagrakinn 23
220 HFJ | 163,9 fm

Mjög hugguleg og vel skipulögð á íbúð á tveimur hæðum með bílskúr og þvottahús í kjallara. Húsið er nýlega tekið í gegn að utan og lítur vél út. Opið hús þriðjd. 19.10 kl. 17.30 – 18.00

**Uppl:** Guðmundur 891 7107




### Birkiberg
221 HFJ | 281,6 fm

Glæsilegt og vandað einbýlishús á tveimur hæðum í Setberginu. Möguleiki á séríbúð á neðri hæð. Bílskúr.

**Uppl:** Lárus 823 5050




### Bogahlíð
105 RVK | 98 fm

Stór stofa með útgengi á suðvestur svalir. Eldhúsið, eldri innrétting. Baðherbergi flísalagt og með baðkari. Tvö rúmgóð herbergi.

**Uppl:** Lárus 823 5050




### Garðstígur
220 HFJ | 236 fm

Glæsileg efri sérhæð á góðum stað í Hafnarfirði. Gott verð! Eignin hefur verið mikið endurnýjuð. Góður pallur.

**Uppl:** Lárus 823 5050




### Klettagata 16
220 HFJ | 350,8 fm

Glæsilegt tvílyft einbýlishús á góðum stað. Laust við kaupsamning. Opið hús þri. 19.10 kl. 18.00-18.30.

**Uppl:** Lárus 823 5050




### Ljósavík
112 RVK | 129,6 fm

Glæsileg 4 herbergja 103,7 fm íbúð með sérinngangi af svölum í viðhaldslitlu fjölbýli innst í botnlanga ásamt 25,9 fm bílskúr.

**Uppl:** Lárus 823 5050




### Logasalir
201 KÓP | 97,3 fm

Í síðasta leikhlutanum dróst í sundur með liðunum og var frammistaðan fyrir utan þriggja stiga línuna sem gerði útslagið fyrir heimamenn. KR-ingar settu niður sex þriggja stiga körfur í röð sem kom þeim átta stigum yfir í leiknum. Ólafur Már Ægisson átti góða innkomu af bekknum og kveikti í skyttum KR-liðsins. Lokatölur leiksins urðu 93-83 og var það Pavel sem var atkvæðamestur í liði KR, skoraði 20 stig, tók 18 fráköst og gaf níu stoðsendingar. Hjá Haukum var Semaj Inge atkvæðamestur með 28 stig og átta fráköst.

### Skref í rétta átt

„Við erum komnir niður á jörðina og hættir að haga okkur eins og kóngar. Þetta er skref í rétta átt og við sýndum styrk okkar fyrir utan þriggja stiga línuna í kvöld. Við erum með marga mjög góða skotmenn og þegar við erum að setja skotin niður þá eru fá lið sem eiga roð í okkur. Við sýndum meiri einbeitingu og vorum auðmjúkir, ég held að það lýsi best þeirri hugarfarsbreytingu hjá liðinu,“ sagði Pavel sem hefur leikið vel með KR í upphafi leiktíðar.

„Við gefum öllum liðum hörkuleik. Munurinn á liðunum liggur í þessum kafla þegar KR setti hreinlega allt niður fyrir utan þriggja stiga línuna. Það var erfitt að koma til baka eftir það,“ sagði Óskar Ingi Magnússon, fyrirliði Hauka, eftir leikinn. „Okkur er spáð falli en við erum staðráðnir í að sanna að við eigum heima í þessari deild. Það er okkar fyrsta markmið að halda okkur uppi og svo sjáum við til hvað gerist.“

### Óþarfa spenna í lokin

Sigurður Ingimundarson, þjálfari Njarðvíkur, var vitanlega hæstánægður með leik sinna manna í gær. „Þetta varð fyrst spennandi leikur eftir að við hleyptum þeim inn í hann undir lokin. Við vorum komnir með ágæt tök á leiknum en það hófst sem betur fer,“ sagði Sigurður við Fréttablaðið. Hann segir að sigurinn hafi ef til vill komið einhverjum á óvart.



**NÝTTI SKOTIN SÍN** Finnur Atli Magnússon átti góðan leik með KR í gær og var næststigahæstur með 22 stig. Hér reynir Örn Sigurðarson að verjast honum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Snæfellingar hafa spilað vel og ég held að fleiri hafi reiknað með sigri þeirra í kvöld. Við vorum hins vegar ekki á því og sýndum það í kvöld. Það var mjög góð barátta í liðinu og þó svo að við hefðum getað gert margt betur lögðu menn sig fram og það skiptir miklu máli.“

Friðrik Stefánsson átti mjög góðan leik í gær en hann var með 17 stig og 9 fráköst. „Friðrik tók sér gott frí í sumar og mætti ferskur til leiks þegar tímabilið hófst. Hann var mjög góður í kvöld og þetta er það sem má búast við af honum í vetur,“ segir Sigurður sem reiknar með spennandi tímabili. „Þetta verður þéttur pakki við toppinn og Njarðvík verður eitt þeirra liða sem berjast þar.“

**- jjk, esá**





ALVÖRU FÓTBOLTATREYJUR Í ALVÖRU FÓTBOLTABÚÐ,
Jói útherji
síðan 1999
Ármúla 36 108 Reykjavík s. 588 1560
Tottenham
Heimatreyja
Kr. 13.990.-
Arsenal
Heimatreyja
Varatreyja
Barnast 128 – 164 kr. 12.990.-
Fullorðinst. S – XL kr. 13.990.- (væntanlegar)
Liverpool
Evróputreyja
Heimatreyja
Varatreyja
Barnast 128 – 164 kr. 9.990.-
Fullorðinst. S – XL kr. 12.990.-
Chelsea
Evróputreyja
Heimatreyja
Varatreyja
Barnast 128 – 164 kr. 9.990.-
Fullorðinst. S – XL kr. 12.990.-
Landsliðstreyjan
Barnastærðir væntanlegar
St. S – XXXL
Kr. 9.990.-
Manchester United
Heimatreyja
Varatreyja
Barnast 128 – 164 kr. 12.990.-
Fullorðinst. S – XL kr. 13.990.-
Real Madrid
Heimatreyja
Varatreyja
Barnast 128 – 164 kr. 9.990.-
Fullorðinst. S – XL kr. 12.990.-
Barcelona
Heimatreyja
Varatreyja
Barnast 128 – 164 kr. 12.990.-
Fullorðinst. S – XL kr. 13.990.-
AC Milan
Heimatreyja
Varatreyja
Barnast 128 – 164 kr. 9.990.-
Fullorðinst. S – XL kr. 12.990.-
NÝTT KORTATÍMABIL ☺
NÝTT KORTATÍMABIL ☺
Barnasett frá stærð 3ja mánaða til 116
Komið og skoðið eitt mesta úrval af fótboltavörum á landinu.
www.joiutherji.is



**SJÖ MÖRK** Aron fór á kostum með Kiel í gær. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Evrópuhandboltinn:

## Aron með stórleik í sigri Kiel

**HANDBOLTI Aron Pálmarsson átti stórleik með Kiel og skoraði sjö mörk er liðið vann góðan útisigur á sterku liði Celje Lasko frá Slóveníu í Meistaradeild Evrópu í gær, 34-28. Sigurinn var einnig sætur fyrir Alfreð Gíslason þjálfara en Noka Serdarusic, sem þjálfaði Kiel í fimmtán ár, er núverandi þjálfari Celje Lasko.**

**Í sama riðli gerði Rhein-Neckar Löwen jafntefli við pólska liðið Kielce á útivelli, 23-23. Þetta var fyrsta stigið sem liðið tapar undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar sem tók við því í síðasta mánuði. Ólafur Stefánsson skoraði fjögur mörk fyrir Löwen.**

**Kiel og Löwen eru efst og jöfn í riðlinum með sjö stig.**

**Ingimundur Ingimundarson og félagar í danska liðinu Álaborg unnu sinn fyrsta sigur í Meistaradeildinni er liðið mætti Dinamo Minsk frá Hvíta-Rússlandi og vann, 33-29. Ingimundur komst ekki á blað að þessu sinni.**

**Í þýsku úrvalsdeildinni tapaði Füchse Berlin sínum fyrstu stigum á tímabilinu er liðið tapaði fyrir Hamburg á útivelli í gær, 31-27. Dagur Sigurðsson hefur gert frábæra hluti með liðið í haust en mátti sætta sig við tap í gær þrátt fyrir hetjulega baráttu. Alexander Petersson skoraði eitt mark fyrir Füchse Berlin.**

**Fjögur lið eru efst og jöfn í deildinni með fjórtán stig. Það eru Kiel, Löwen, Hamburg og Füchse Berlin. Þrjú af þessum liðum þjálfa íslenskir þjálfarar.** - esá

# Nýir eigendur en sömu vandamálin

**Liverpool er í næstneðsta sæti ensku úrvalsdeildarinnar eftir 2-0 tap fyrir Everton í grannaslag liðanna í ensku úrvalsdeildinni í gær. Manchester City er komið upp í annað sæti deildarinnar eftir fjóra sigra í röð.**



**SVEKKTIR** Þeir Jamie Carragher, Fernando Torres og Lucas Leiva voru niðurlútir eftir tapið í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Liverpool losnaði á föstudaginn loksins við þá George Gillett og Tom Hicks og fékk nýja eigendur í þeirra stað. Þeir John W. Henry og félagar í bandaríska eignarhaldsfélaginu NESV, sem einnig á Boston Red Sox, voru mættir á völlinn í gær en máttu horfa upp á nýja liðið sitt tapa fyrir erkifjendum sínum og grannliði, Everton, 2-0.

Um botnslag var að ræða í deildinni en liðin sátu fyrir helgi í 17. og 18. sæti með sex stig hvort. Everton hoppaði upp í ellefta sætið með sigrinum en Liverpool datt niður um eitt og er nú með sex stig, rétt eins og Wolves (18. sæti) og botnlið West Ham.

Eini deildarsigur Liverpool á tímabilinu til þessa kom gegn West Brom í lok ágúst. Síðan þá hefur Liverpool fengið tvö stig af fimmtán möguleikum.

Til samanburðar má nefna að West Brom hefur ekki tapað síðan í áðurnefndum leik og náði síðast góðu 2-2 jafntefli gegn Manchester United á útivelli um helgina.

Liverpool hefur ekki byrjað verr í deildinni síðan haustið 1953. Það tímabil féll liðið úr efstu deild og komst ekki aftur upp fyrr en átta árum síðar, þá undir stjórn Bills Shankly sem gerði liðið að stórveldi.

Hvort nýjum eigendum tekst að rífa liðið upp eins og Shankly forðum verður að koma í ljós. Byrjunin lofaði þó ekki góðu á Goodison Park í gær.

Tim Cahill og Mikel Arteta skoruðu fyrir Everton í leiknum og það var ekki fyrr en undir lok hans að þeir rauðklæddu fóru að sækja að einhverju ráði, en án árangurs þó.

Nýju eigendurnir lýstu yfir stuðningi við Roy Hodgson, stjóra Liverpool, fyrir leikinn og hann var ánægður með framlag leikmanna sinna í gær. Hann sagðist ekki vera farinn að örvænta enn.

„Ég tel ekki að við séum í krísu," sagði Hodgson. „Við spiluðum ekki eins og lið sem er í fallsæti. Á hinn bóginn verður að viðurkenna að sex stig eftir átta leiki er heldur dræm uppskera. Við þurfum að byrja að vinna leiki og klifra upp stigastöfluna. Þangað til munu orð eins og „krísa" fylgja okkur."

Everton virðist komið á beinu brautina en liðið hefur nú unnið tvo leiki í röð. „Mér finnst reyndar að við höfum spilað betur í flestum leikja okkar í haust en við gerðum í dag. En þetta var grannaslagur og slíkir leikir eru ávallt frábrugðnir öðrum. Við náðum að forða okkur frá botninum en ég tel að við séum með nægilega gott lið til að berjast við toppinn."

Manchester City kom sér upp í annað sæti deildarinnar með sínum fjórða sigri í röð, í þetta sinn gegn nýliðum Blackpool í gær. Leiknum lauk með 3-2 sigri en City getur þakkað fyrirliðanum

> Mér finnst reyndar að við höfum spilað betur í flestum leikja okkar í haust en við gerðum í dag.
>
> **DAVID MOYES**
> KNATTSPYRNUSTJÓRI EVERTON

Carlos Tevez fyrir stigin þrjú að þessu sinni.

Hann kom City yfir gegn gangi leiksins og skoraði svo öðru sinni aðeins mínútu eftir að Blackpool hafði tekist að jafna metin.

„Stundum er mikilvægt að vinna eins og við gerðum í dag," sagði Roberto Mancini, stjóri City, eftir leikinn. „Við spiluðum ekki vel. Það var mikilvægt að við skoruðum þó þrjú mörk og sjaldgæft að það gerist á útivelli."

Það var einnig nóg um að vera í deildinni á laugardaginn. Manchester United gerði sitt þriðja jafntefli í röð og datt niður í fjórða sæti deildarinnar. Topplið Chelsea hefði þar með getað aukið forystu sína á toppi deildarinnar en mátti sætta sig við markalaust jafntefli við Aston Villa á útivelli.

Arsenal rak af sér slyðruorðið eftir tvo tapleiki í röð með 2-1 sigri á Birmingham og er með fjórtán stig í 3.-5. sæti, ásamt United og Tottenham.

eirikur@frettabladid.is



**BESTUR** Alfreð Finnbogason var valinn efnilegastur í fyrra en bestur í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lokahóf KSÍ um helgina:

## Alfreð og Dóra María best

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason, Breiðabliki, og Dóra María Lárusdóttir, Val, voru valin bestu leikmenn Pepsi-deilda karla og kvenna á lokahófi KSÍ sem haldið var á laugardagskvöldið.

Bæði urðu Íslandsmeistarar með sínum liðum og þessi lið hirtu öll stærstu verðlaun kvöldsins. Kristinn Steindórsson var valinn efnilegastur og Ólafur Kristjánsson þjálfari ársins hjá körlunum. Dagný Brynjarsdóttir var efnilegust hjá konunum og Freyr Alexandersson besti þjálfarinn.

Gunnar Jarl Jónsson var valinn besti dómari karladeildarinnar og Guðrún Fema Ólafsdóttir í kvennadeildinni. Prúðmennskuverðlaunin fengu markverðirnir Fjalar Þorgeirsson, Fylki og Sandra Sigurðardóttir, Stjörnunni.

Selfoss fékk stuðningsmannaverðlaun í karlaflokki og Þór/KA í kvennaflokki. - esá





N1

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI N1

REYNSLUBOLTAR MEÐ RÍKA ÞJÓNUSTULUND

MICHELIN
COOPERTIRES
KUMHO TYRES

KOMDU VIÐ Á NÆSTA HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI N1. VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR.

- Hjólbarðaþjónusta fyrir alla bíla, stóra, smáa, gamla og nýja
- Fagleg og skjót vinnubrögð
- Hagstætt verð
- Landsins mesta úrval af dekkjum og felgum
- Á dekkjahótelum N1 býðst þér að geyma sumardekkin gegn vægu gjaldi

Kynntu þér nýja vefverslun með hjólbarða á **www.n1.is**

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni



**ÓBLÍÐAR MÓTTÖKUR** Varnarmenn Vals taka hér hart á leikmanni Oldenburg í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Valur er úr leik í EHF-bikarnum þrátt fyrir að hafa náð að vinna Oldenburg í gær:

# Kláruðu einvígið með sæmd

**HANDBOLTI** Valskonur unnu í gær sigur á þýska liðinu Oldenburg 28-26 í EHF-bikarnum. Þetta var seinni viðureign liðanna en báðir leikirnir fóru fram hér á landi. Valsliðið er úr leik þar sem Oldenburg vann fyrri leikinn með ellefu marka mun á laugardag.

„Það er ótrúlega sterkt að hafa náð að vinna þennan leik því þetta er eitt af fjórum bestu liðunum í Þýskalandi. Við mættum leikmönnum sem fá haug af peningum fyrir að spila handbolta," sagði Hrafnhildur Skúladóttir eftir leik en hún var markahæst Valsliðsins í báðum leikjunum.

„Við erum mjög svekktar yfir því hvað við vorum lélegar í fyrri leiknum. Á tímabili var alveg möguleiki að vinna upp það forskot en fyrst og fremst er ótrúlega flott að hafa klárað þetta lið. Vörnin var sterk og markvarslan einnig."

Hrafnhildur segir þessa leiki fína upphitun fyrir komandi átök í N1-deildinni. „Við eigum HK og Stjörnuna í næstu leikjum og það er fínt að fá þessa leiki. Við björguðum allavega klúbbnum fjárhagslega í leiðinni," sagði hún kímin.

Í gær var Oldenburg-liðið alls ekki í sama gír og á laugardag enda staða liðsins vænleg eftir stórsigurinn í fyrri leiknum. Valur byrjaði leikinn af miklum krafti og komst í 7-3. Þýska liðið átti í vandræðum með að finna glufur á varnarleik Vals en staðan var 11-9 fyrir Val í hálfleik.

Ljóst var að Valsliðið myndi ekki vinna upp muninn í fyrri leiknum, þótt það mátti á tímabili glitta í smá von, en fer þó úr þessari rimmu með reisn. - egm

## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin

**Arsenal - Birmingham 2-1**
0-1 Nikola Zigic (32.), 1-1 Samir Nasri (40.), 2-1 Marouane Chamakh (46.).

**Bolton - Stoke 2-1**
1-0 Lee Chung-Yong (21.), 1-1 Rory Delap (47.), 2-1 Ivan Klasnic (91.). Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn fyrir Bolton og Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á sem varamaður í liði Stoke.

**Fulham - Tottenham 1-2**
1-0 Diomansy Kamara (29.), 1-1 Roman Pavlyuchenko (30.), 1-2 Tom Huddlestone (62.).

**Manchester United - West Brom 2-2**
1-0 Javier Hernandez (4.), 2-0 Nani (24.), 2-1 Patrice Evra, sjálfsm. (50.), 2-2 Somen Tchoyi (54.).

**Newcastle - Wigan 2-2**
0-1 Charles N'Zogbia (21.), 0-1 N'Zogbia (22.), 1-2 Shola Ameobi (71.), 2-2 Fabricio Coloccini (93.).

**Wolves - West Ham 1-1**
1-0 Matt Jarvis (9.), 1-1 Mark Noble (51.)

**Aston Villa - Chelsea 0-0**

**Everton - Liverpool 2-0**
1-0 Tim Cahill (34.), 2-0 Mikel Arteta (50.)

**Blackpool - Manchester City 2-3**
0-1 Carlos Tevez (67.), 1-1 Marlon Harewood (78.), 1-2 Tevez (79.), 1-3 David Silva (90.), 2-3 Gary Taylor-Fletcher (90.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **8** | **6** | **1** | **1** | **23-2** | **19** |
| Man. City | 8 | 5 | 2 | 1 | 12-5 | 17 |
| **Arsenal** | **8** | **4** | **2** | **2** | **18-10** | **14** |
| Man. United | 8 | 3 | 5 | 0 | 18-11 | 14 |
| **Tottenham** | **8** | **4** | **2** | **2** | **10-7** | **14** |
| West Brom | 8 | 3 | 3 | 2 | 11-14 | 12 |
| **Bolton** | **8** | **2** | **5** | **1** | **12-12** | **11** |
| Aston Villa | 8 | 3 | 2 | 3 | 9-12 | 11 |
| **Stoke City** | **8** | **3** | **1** | **4** | **9-11** | **10** |
| Blackpool | 8 | 3 | 1 | 4 | 13-18 | 10 |
| **Everton** | **8** | **2** | **3** | **3** | **8-7** | **9** |
| Fulham | 8 | 1 | 6 | 1 | 9-9 | 9 |
| **Wigan** | **8** | **2** | **3** | **3** | **6-15** | **9** |
| Newcastle | 8 | 2 | 2 | 4 | 12-12 | 8 |
| **Sunderland** | **7** | **1** | **5** | **1** | **7-7** | **8** |
| Blackburn | 7 | 2 | 2 | 3 | 7-8 | 8 |
| **Birmingham** | **8** | **1** | **4** | **3** | **8-12** | **7** |
| Wolves | 8 | 1 | 3 | 4 | 8-13 | 6 |
| **Liverpool** | **8** | **1** | **3** | **4** | **7-13** | **6** |
| West Ham | 8 | 1 | 3 | 4 | 6-15 | 6 |

### Enska B-deildin

**QPR - Norwich 0-0**
Heiðar Helguson lék allan leikinn fyrir QPR.

**Ipswich - Coventry 1-2**
Aron Einar Gunnarsson var í byrjunarliði Coventry en var skipt af velli á 81. mínútu.

**Reading - Swansea 1-0**
Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson léku ekki með Reading vegna meiðsla.

**Portsmouth - Watford 3-2**
Hermann Hreiðarsson lék ekki með Portsmouth vegna meiðsla.

### Enska C-deildin

**Huddersfield - Southampton 2-0**
Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn með Huddersfield og skoraði síðara mark liðsins.

**Leyton Orient - Hartlepool 1-0**
Ármann Smári Björnsson kom inn á sem varamaður undir lok leiksins í liði Hartlepool.

**Notts County - Plymouth 2-0**
Kári Árnason lék allan leikinn fyrir Plymouth.

### Skoska úrvalsdeildin

**Aberdeen - Hearts 0-1**
Eggert G. Jónsson lék allan leikinn fyrir Hearts.

### Norska úrvalsdeildin

**Lilleström - Brann 3-2**
Stefán Logi Magnússon og Björn B. Sigurðarson léku allan leikinn fyrir Lilleström. Birkir Már Sævarsson var í byrjunarliði Brann en Gylfi Einarsson á bekknum.

**Haugesund - Stabæk 2-1**
Pálmi Rafn Pálmason og Veigar Páll Gunnarsson voru í byrjunarliði Stabæk. Pálmi Rafn kom Stabæk yfir en var rekinn af velli í síðari hálfleik.

**Odd Grenland - Viking 2-1**
Indriði Sigurðsson skoraði mark Viking fram hjá Árna Gauta Arasyni. Báðir léku allan leikinn eins og Birkir Bjarnason, samherji Indriða hjá Viking.

**Hönefoss - Rosenborg 0-2**
Kristján Örn Sigurðsson lék allan leikinn fyrir H.


bmvalla.is

Allt að 40% afsláttur á völdum vörum til 22. október



Íslensk hönnun og íslenskar vörur fyrir sælureitinn þinn

- hellur, steinar, blómaker og fjölmargt annað sem skreytir umhverfið



Heimsókn í Fornalund kveikir ótal nýjar hugmyndir. Sérfræðingar okkar í Fornalundi aðstoða þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Pantaðu ókeypis landslagsráðgjöf í síma 412 5050
Nánari upplýsingar á bmvalla.is

Íslensk hönnun, íslenskt hráefni, íslensk framleiðsla, íslensk gæði!

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001

Söludeild :: Fornalundi, Breiðhöfða 3 :: Sími: 412 5050
Söludeild :: Akureyri :: Sími: 412 5202
Söludeild :: Reyðarfirði :: Sími: 412 5252
Netfang :: sala@bmvalla.is

BM·VALLÁ

argus 10-0513-3



**> Ty Pennington**

„Ég veit hvernig það er að alast upp með ADHD og hversu mikilvægt það er fyrir foreldra, umönnunaraðila og sjúklinga að hafa aðgang að réttum upplýsingum og staðreyndum um ADHD.“

***Hinn ofurhressi Ty Pennington heldur ótrauður áfram í þáttunum Extreme Makeover: Home Edition sem er á dagskrá Stöð 2 kl. 20.10 í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: SARA MCMAHON HORFIR Á SNILLINGA LEYSA SAKAMÁL

# *Snjallir lögreglumenn koma til bjargar*

Ég fékk slæman bakverk í síðustu viku. Svo slæman að ég ákvað að halda mig heima við í stað þess að sækja tónleika og liggja fyrir í von um að verkjunum linnti. Ég kom mér þægilega fyrir í sófanum og kveikti á sjónvarpinu og fann mér stöð til að horfa á. Að einum gamanþættinum loknum kom á dagskrá sjónvarpsefni sem kallast NCIS: Los Angeles og fjallar þátturinn um starfsmenn lögregludeildar sem hefur það sérsvið „að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt“.

Þátturinn ku vera einn sá vinsælasti í Bandaríkjunum um þessar mundir og því ákvað ég að hlífa bakinu við því að teygja mig í fjarstýringuna og horfa frekar á einn þátt.



Hjartaknúsararnir Chris O'Donnell og LL Cool J fara með tvö af aðalhlutverkunum í þættinum, en O'Donnell er líklega þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Robin í kvikmyndunum um Batman. LL Cool J sló aftur á móti í gegn sem rappari og gerði meðal annars garðinn frægan með slagaranum Mama Said Knock You Out.

Þátturinn sem ég horfði á þarna í bakveikindunum var hreint út sagt ótrúlegur. Lögreglufólkið var afburðagáfað og lausnirnar svo ofur einfaldar að meðalgáfaðri manneskju sem mér hefði líklega aldrei komið slíkt til hugar. Þau voru eldsnögg að tengja punktana saman og koma fórnarlömbunum til bjargar og þegar allt annað brást notuðu þau táknmál til að eiga í samskiptum. Þetta var allt svolítið of langsótt fyrir minn smekk, en ágæt afþreying í hreyfingarleysinu.

## SJÓNVARPIÐ

**16.25 Stríðsárin á Íslandi** (6:6)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Landinn** (e)
**18.00 Sammi** (28:52)
**18.07 Franklín** (9:13)
**18.30 Skúli skelfir** (15:52)
**18.40 Allt á hvolfi** (Felicia upside down)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Saga vísindanna – Hvað er þarna úti?** (1:6) (The History of Science) Heimildamyndaflokkur frá BBC. Hvað er þarna úti? Hvaðan komum við? Úr hverju erum við gerð? Hvert er leyndarmál lífsins? Stendur okkur til boða ótakmörkuð orka? Hver erum við?
**20.55 Óvættir í mannslíki** (6:6) (Being Human) Breskur myndaflokkur um þrjár ákaflega mannlegar forynjur: varúlf, blóðsugu og draug.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Handboltinn** Fjallað verður um leiki í N1-deildinni í handbolta.
**22.40 Leitandinn** (15:22) (Legend of the Seeker) Bandarísk ævintýraþáttaröð. Dularfull kona, Kahlan Amnell, leitar hjálpar í skógarfylgsni kappans Richards Cypher.
**23.25 Kastljós** (e)
**23.45 Fréttir** (e)
**23.55 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.20 Happy Gilmore**
**08.15 Thank You for Smoking**
**10.00 Scoop**
**12.00 The Polar-Express**
**14.00 Thank You for Smoking**
**16.00 Scoop**
**18.00 The Polar-Express**
**20.00 Happy Gilmore**
**22.00 Witness**
**00.00 Gladiator**
**02.30 Dirt**
**04.05 Witness**
**06.00 The Love Guru**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Apaskólinn, Krakkarnir í næsta húsi.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Falcon Crest II** (19:22)
**10.20 The Doctors**
**11.05 Eldsnöggt með Jóa Fel** (7:10)
**11.40 Cold Case** (21:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (20:24)
**13.25 Fjölskyldubíó: Free Willy**
**15.15 ET Weekend**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (13:25)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (24:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (22:22)
**20.10 Extreme Makeover: Home Edition** (6:25)
**20.55 V** (6:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á afar raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.
**21.40 The Event** (4:13) Hörkuspennandi þættir. Sjá umfjöllun á hinni síðunni.
**22.25 Dollhouse** (3:13) Spennuþáttaröð sem gerist í nánni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða, svokallaðar „brúður“.
**23.15 That Mitchell and Webb Look** (5:6) Skemmtilegur grínþáttur uppfullur af frábærum sketsum.
**23.45 Cougar Town** (18:24)
**00.10 White Collar**
**00.55 The Shield** (6:13)
**01.40 Hard Candy**
**03.20 Fjölskyldubíó: Free Willy**
**05.10 The Simpsons** (13:25)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**16.30 Hamburg - Fuchse Berlin** Útsending frá leik Hamburg - Fuchse Berlin í þýska handboltanum.
**18.00 PGA Tour 2010**



**21.00 Spænsku mörkin 2010-2011** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**21.45 Small Potatoes - Who Killed the USFL**
**22.45 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 Main Event þar sem allir sterkustu spilarar heims koma saman.
**23.35 UFC 120**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Blackpool - Man. City**
**15.05 Bolton - Stoke**
**16.50 Sunnudagsmessan**
**17.50 Premier League Review 2010/11**
**18.50 Blackburn - Sunderland**
**21.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir í þaula.
**22.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**22.30 Football Legends**
**23.00 Blackburn - Sunderland**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Rachael Ray**
**17.40 Dr. Phil**
**18.20 Spjallið með Sölva** (4:13) (e)
**19.00 Real Housewives of Orange County** (15:15)
**19.45 Accidentally on Purpose** (9:18) (e)
**20.10 Kitchen Nightmares** (12:13) Kjaftfori kokkurinn Gordon Ramsay heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa við blaðinu.
**21.00 Friday Night Lights** (7:13) Dramatísk þáttaröð um ungmenni í smábæ í Texas þar sem lífið snýst um fótboltalið skólans.



**21.50 CSI: New York** (12:23) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.25 Leverage** (5:15) (e)
**00.10 United States of Tara** (2:12) (e)
**00.40 CSI: New York** (22:25) (e)
**01.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World** Daglegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um allt það nýjasta í golfheiminum.
**18.50 European Tour 2010** (2:2) (e)
**22.00 Golfing World** (e)
**22.50 Junior Ryder Cup 2010** (e)
**23.40 Golfing World** (e)
**00.30 ESPN America**

## EXTRA

**18.55 The Doctors** Sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar.
**19.40 E.R.** (20:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago.
**20.25 Little Britain 1** (7:8) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Mér er gamanmál** Ný íslensk gamanþáttaröð með Frímanni Gunnarssyni.
**22.20 The Mentalist** (2:22) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane.
**23.10 Monk** (16:16) Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrien Monk.
**23.55 The Pacific** (5:10) Magnaðir verðlaunaþættir frá framleiðendum Band of Brothers.
**00.45 Spaugstofan** Spéfuglarnir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Siggi Sigurjónsson og Örn Árnason fara nú yfir atburði liðinnar viku.
**01.10 E.R.** (20:22)
**01.55 The Doctors**
**02.35 Little Britain 1** (7:8)
**03.05 Sjáðu**
**03.35 Fréttir Stöðvar 2**
**04.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu** Kolla grasalæknir er meðal gesta.
**20.30 Golf fyrir alla** Það kemur alltaf eitthvað nýtt hjá Brynjari og Óla.
**21.00 Frumkvöðlar** Frumkvöðlar Íslands í fararbroddi hjá Elínóru.
**21.30 Eldhús meistarana** Magnús í keppni sjónvarpskokka í Smáralind.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.40
### The Event

Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem lendir í þeirri skelfilegu lífsreynslu að kærustunni hans er rænt og hann grunaður um að hafa komið henni fyrir kattarnef. Staðráðinn í að sanna sakleysi sitt leggur hann á flótta og reynir að finna hana en áður en hann veit af er hann flæktur í meiri háttar samsæri gegn forseta Bandaríkjanna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Hringsól **14.03** Bak við stjörnurnar **15.03** Útvarpssagan: Stormur **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Ópus **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Girni, grúsk og gloríur **23.05** Lostafulli listræninginn **23.45** Heimsókn til listamanna **00.05** Næturtónar

## BBC entertainment

**13.45** Absolutely Fabulous **14.15** Absolutely Fabulous **14.55** My Family **15.25** The Inspector Lynley Mysteries **16.10** The Weakest Link **16.55** Deal or No Deal **17.30** My Hero **18.00** Wrong Door **18.30** Whose Line Is It Anyway? **19.00** Two Pints of Lager (and a Packet of Crisps) **19.30** Waking the Dead **20.20** Come Dine With Me **20.45** Come Dine With Me **21.10** Wrong Door **21.40** Whose Line Is It Anyway? **22.05** EastEnders **22.35** Tess of the D'Urbervilles **23.30** Waking the Dead

## DR 1

**13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Svampebob Firkant **14.50** Nik & Jan **15.00** Brødrene Løvehjerte **15.30** Stor & Lille **15.40** Peddersen og Findus **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Aftenshowet 2. del **17.30** Jamie Olivers eget køkken **18.00** Lulu og Leon **18.45** Det sode liv **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Miss Marple: Invitation til mord **21.35** OBS **21.40** Kysset af spritten **22.10** Naruto Uncut **22.35** Boogie Mix

## NRK 1

**13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Berulfsens konspirasjoner **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** TV-aksjonen **17.50** Puls **18.15** Matlyst **18.45** Smil til det skjulte kamera **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Borgen **20.30** En sterk historie **21.00** Kveldsnytt **21.15** Dalziel og Pascoe **22.55** Nytt på nytt **23.25** Sport Jukeboks

## SVT 1

**13.00** Sverige! **13.30** Robins **14.00** Rapport **14.05** Tennis **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Sommarpratarna **19.00** Våra vänners liv **20.00** I Anneli **20.30** Människor emellan **22.15** The Event **22.55** Världens Barn **23.00** Dansbandskampen **00.00** Dansbandskampen








VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„America's Next Top Model er án efa besti þáttur í heimi og ég hef hreina unun af því að fylgjast með viðskiptaviti þáttastjórnandans, Tyru Banks. Hún fléttar nefnilega stöðugar auglýsingar inn í þættina, þó að maður horfi á Netinu.“*

Margrét Erla Maack, fjölmiðlakona

# Tobba komin á heilsuhælið í Hveragerði

„Ég er í rauninni að fylgja ákveðinni hefð sem hefur skapast í kringum mín skrif en þegar ég vann hinar tvær bækurnar mínar dvaldi ég á tímabili á heilsuhælinu í Hveragerði,“ segir Þorbjörg Marinósdóttir, kynningarfulltrúi og rithöfundur, en hún er þessa dagana í eins konar fríi og vinnuferð í Hveragerði.

Tobba, eins og hún er kölluð, ætlar að dveljast á heilsuhælinu í viku en á milli þess að liggja í gufu og fara í nudd leggur hún drög að sinni þriðju bók, Makalaus 2. „Ég vil byrja strax að skrifa því persónurnar í bókinni eru ferskar í hausnum á mér núna. Ég er nýbúin að fara yfir handritið að sjónvarpsþáttunum og var því farið að klæja í puttana að demba mér í næstu bók,“ segir Tobba og bætir því við að bókin muni líklega gerast að hluta til í Hveragerði, jafnvel á heilsuhælinu. „Ég var að fá fregnir af því að heilsuhælið væri uppspretta margra ástarsambanda og í rauninni falin perla fyrir deitmenninguna. Ég ætla að rannsaka hvort eitthvað sé til í því.“

Tobba á rætur sínar að rekja til heilsuhælisins í Hveragerði en langalangalangafi hennar átti þátt í að stofna það á sínum tíma. „Þetta er yndislegur staður og fullkominn ef maður vill vera í ró og næði. Við fjölskyldan höfum farið þangað á hverjum sunnudegi og borðað grænmetishádegismat,“ segir Tobba að lokum, spennt yfir að ná loksins að slaka á eftir annasamt ár. - áp



**SLAKAR Á Í HVERAGERÐI** Tobba Marinós er þessa dagana í Hveragerði þar sem hún fer í nudd og byrjar að skrifa Makalaus 2.




Fimm rétta
Diwali hátíðarseðill
alla daga
4.990 kr.

Hátíð ljóssins hjá
*Austur-Indíafjelaginu*

Indverjum duga ekki færri en fimm dagar til að halda upp á hátíð ljóssins, Diwali, sem nú á hug þeirra og hjörtu. Við hjá Austur-Indíafjelaginu viljum færa örlitla birtu inn í byrjun vetrar og bjóðum því upp á sérstakan **fimm rétta Diwali-hátíðarmatseðil í október á afar góðu verði: 4.990 kr. alla daga.**

***Borðapantanir í síma 552 1630***
***Sjá matseðil á austurindia.is.***



AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT
www.austurindia.is


BJARKI LÁR: FINNUR FYRIR FRÆGÐINNI EFTIR VINSÆLDIR BARA ÞÚ

# Tek því sem hrósi þegar mér er líkt við Justin Bieber

„Ég bjóst ekki beint við því að lagið mundi slá í gegn en var að vonast eftir því að það fengi spilun. Svo var bara flaggað heima þegar það heyrðist fyrst í útvarpinu,“ segir Bjarki Lár, fimmtán ára strákur frá Hafnarfirði sem hefur slegið í gegn með lagið Bara þú. Lagið er samið af tónlistarmanninum Friðriki Dór en um tuttugu þúsund manns hafa horft á myndbandið á Youtube. Einnig er það byrjað að heyrast á útvarpsstöðvunum FM957 og Kananum.

„Lagið er búið að fá mjög góðar viðtökur og ég er glaður að Friðrik Dór samdi fyrir mig lagið. Svo voru það strákarnir í Red Light sem útsettu það. Það er búinn að vera einhver misskilningur um að ég hafi keypt lagið en svo er ekki. Friðrik hafði bara trú á mér og vildi semja fyrir mig lag,“ segir Bjarki Lár, sem er farinn að finna fyrir frægðinni en um 1.100 manns hafa „like-að“ við aðdáendasíðu hans á Facebook.

Söngur og útlit Bjarka minnir óneitanlega á eina vinsælustu poppstjörnu í heiminum í dag, ungstirnið Justin Bieber. „Já, þetta hef ég heyrt oft áður. Ég tek því sem hrósi enda er Justin Bieber frábær tónlistarmaður sem gerir flott lög að mínu mati,“ segir Bjarki Lár hress en hann hefur orðið var fylgifiska frægðarinnar. „Ég er farinn að finna fyrir því að fólk þekkir mig úti á götu og svo hrúgast vinabeiðnirnar inn á Facebook, sem getur verið þreytandi,“ segir Bjarki Lár en hann stefnir ótrauður áfram í tónlistarbransanum.

Hann hefur sungið frá því hann man eftir sér og er að læra meira á því sviði. „Ég er að læra söng hjá Sönglist í Borgarleikhúsinu og var valinn ásamt nokkrum öðrum til að syngja inn lög á disk sem kemur út fyrir jólin. Það er mjög spennandi að fá að syngja inn á disk sem verður gefin út,“ segir Bjarki en hann er þessa dagana að skoða hvort hægt sé að gefa út lagið Bara þú. „Ég veit ekki alveg hvernig málin standa en núna er hægt að hlusta á lagið á netinu og í útvarpinu.“ alfrun@frettabladid.is

### HEIMSFRÆGUR STRÁKLINGURINN

Justin Bieber er fæddur 1994 og er frá Kanada. Hann var uppgötvaður árið 2008 eftir að hafa sett myndbönd af sér að syngja á netið. Núna er drengurinn heimsfrægur og fyrsta plata hans, My World, fór í platínusölu í Bandaríkjunum. Í kjölfarið varð Bieber fyrsti tónlistarmaðurinn til að ná sjö lögum inn á Billboard Topp 100 listann á sama tíma. Vinsælasta lag kappans er án efa lagið Baby, sem kom út í janúar á þessu ári.



**HINN ÍSLENSKI BIEBER** Bjarki Lár hefur slegið í gegn á Netinu með lagið Bara þú og tekur líkingunni við Justin Bieber vel.





## Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár.
Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.

**Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop**
**Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending**

**Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur**

EIRVÍK *-hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is


# Stærsta breiðtjald landsins

Sambíóin stefna á að opna nýtt kvikmyndahús í Egilshöll hinn 4. nóvember. Um hundrað iðnaðarmenn eru nú að störfum við að gera allt klárt en kvikmyndahúsið mun skarta einu stærsta breiðtjaldi Evrópu.

„Við vorum bara nokkrum vikum frá opnun árið 2008. En þá fór allt á hliðina og þetta var sett í frost. Nú stefnum við á 4. nóvember,“ segir Björn Árnason hjá Samfilm. Hugmynd sem kviknaði hjá honum fyrir sjö árum er nú loks að verða að veruleika; kvikmyndahús í Grafarvogi. „Þetta er 41 þúsund manna svæði með Kjalarnesinu, Mosfellsbæ og Grafarvoginum. Markaðurinn er því fyrir hendi,“ segir Björn. Yfir aðalsjoppunni verður strengdur hátt í fimmtíu metra langur borði með myndum af kvikmyndastjörnum, bæði íslenskum og erlendum.

Þegar leiðin liggur inn í aðalbíósal kvikmyndahússins er ljóst að þar hefur ekkert verið til sparað. „Upphaflega átti salurinn að vera með fjögur hundruð sætum. En við ákváðum að fórna nokkrum stólum fyrir aðeins meira pláss,“ segir Björn og bætir við að allir stólarnir séu stakir og úr leðurlíki. Hins vegar er stjarna salarins án nokkurs vafa breiðtjaldið í stóra salnum. Það er tuttugu metrar að lengd og að sögn Björns er það því stærsta breiðtjaldið á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Stóru hasarmyndirnar frá Hollywood fá því að njóta sín. „Við ætluðum að hafa Bond-myndina Quantum of Solace sem opnunarmyndina 2008. En nú verður það Due Date með Robert Downey Jr. og Zach Galifianakis úr The Hangover.“ - fgg





**GLÆSILEGT** Björn í aðalsalnum þar sem kvikmyndum verður varpað á stærsta breiðtjald landsins. Allir stólar verða stakir og því leikur aldrei neinn vafi á því hver á hvaða gos og hvaða popppoka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Tvær gæðasýningar
sem enginn má missa af
Stórsýning
um brjálæðislegt
dramb og fall
Verðlaunasaga
Auðar Jónsdóttur
loksins á sviðið
„Fantagóð sýning um árekstra hugmyndafræði ólíkra kynslóða“
EB, Fbl
„Það er mikil gæfa að þessi frábæra skáldsaga skuli fá svona vandaða meðhöndlun á leiksviði“
SA, TMM
„kröftug og skemmtileg sýning sem hreyfir við manni“
IÞ, Mbl
„Hlátrasköll, vangaveltur og nokkur tár“
SG, Víðsjá
„Guði sé lof fyrir leikhúsið... – hvergi veikur hlekkur“
BS, Pressan
ENRON
Fólkið í kjallaranum
„Áhrifamikið verk, einstaklega kraftmikil og skemmtileg sýning“
IÞ, Mbl.
„Góð leikræn útskýring á hruninu“
EB, Fbl
„Allt er hér í fókus, karakter, stíll, léttleiki og hraði“
BS, Pressan.is
„Gríðarlega hröð, smart og öflug á stællegu sviði“
SA, TMM
„Leikritið um Enron er lent á Stóra sviði Borgarleikhússins með glæsibrag“
JVJ, DV
fös. 15/10 kl. 20 UPPSELT
lau. 16/10 kl. 20 örfá sæti
fös. 22/10 kl. 20 UPPSELT
lau. 23/10 kl. 20 örfá sæti
fim. 28/10 kl. 20 UPPSELT
lau. 30/10 kl. 20 örfá sæti
lau. 6/11 kl. 20 örfá sæti
fös. 12/11 kl. 20 UPPSELT
lau. 20/11 kl. 20 örfá sæti
fim. 25/11 kl. 20
Snarpur sýningartími – sýningum líkur í desember
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
fös. 15/10 kl. 20 UPPSELT
lau. 16/10 kl. 19 UPPSELT
lau. 16/10 kl. 22 örfá sæti
sun. 17/10 kl. 20 UPPSELT
þri. 19/10 kl. 20 UPPSELT
mið. 20/10 kl. 20 UPPSELT
fös. 22/10 kl. 19 örfá sæti
lau. 23/10 kl. 19 UPPSELT
lau. 23/10 kl. 22 örfá sæti
sun. 24/10 kl. 20 UPPSELT
þri. 26/10 kl. 20 UPPSELT
fim. 28/10 kl. 20 UPPSELT
lau. 30/10 kl. 19 UPPSELT
lau. 30/10 kl. 22 örfá sæti
sun. 31/10 kl. 20 UPPSELT
mið. 3/11 kl. 20 UPPSELT
lau. 6/11 kl. 19 UPPSELT
lau. 6/11 kl. 22 örfá sæti
sun. 7/11 kl. 20 UPPSELT
fös. 12/11 kl. 19 UPPSELT
fös. 12/11 kl. 22 örfá sæti
sun. 14/11 kl. 20 UPPSELT
lau. 20/11 kl. 19 UPPSELT
lau. 20/11 kl. 22 örfá sæti
sun. 21/11 kl. 20 UPPSELT
Snarpur sýningartími – sýningum líkur í desember
VISA
Borgarleikhúsið
Fíton/SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
„...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Síðasti bærinn á You Tube

**Rúnar Rúnarsson** er nú á fullu við tökur á Eldfjallinu, fyrstu kvikmynd sinni í fullri lengd. Stuttmyndir Rúnars hafa fengið gríðarlegt lof og nýverið náði framleiðslufyrirtækið ZikZak og sjónvarpsvefurinn You Tube samningum um að sýna Síðasta bæinn í dalnum sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna. Þegar þetta er skrifað hafði myndin þegar náð yfir 167 þúsund áhorfendum.

### Engin jólakreppa

Einhverja hryllti við þegar auglýsingar um jólatónleika **Björgvins Halldórsson** og Frostrósa birtust í dagblöðum. Og fannst nú jólahátíðinni hafa verið þjófstartað all rækilega. Þeir virðast hins vegar hafa verið í miklum minnihluta því netkerfi mida.is fór á aðra hliðina þegar sala á tónleika Björgvins hófst fyrir helgi. Þriðju tónleikunum hefur nú verið bætt við á sunnudeginum klukkan 21 og munu Alexander Rybak og Paul Potts auk Bó og **Kristjáns Jóhannssonar** syngja á þeim líka. **- fgg**



## Mest lesið vísir.is

1. Vann 57 milljónir
2. Stúlkan fundin
3. Marinó gefur fullyrðingum Þórólfs falleinkunn
4. Prinsessa í sjokki eftir bílslys
5. Borgarstjóri spenntur fyrir Kópavogstattúi – vill sameiningu
6. Ómar spenntur fyrir ísgöngum


Office1

Fyrirtækjaþjónusta

ÓDÝR REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI
550 4111

Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is

HP Compaq Pro

hp - MEST SELDU FARTÖLVUR Í HEIMI*

“BUSINESS CLASS“ ÚTSTÖÐVAR SEM ÞÚ GETUR REITT ÞIG Á!





Vörunr.: AT492AV

HP Compaq Pro SFF

134.900 kr.

- Intel Pentium Dual Core E5500
- Microsoft Windows 7 Professional 32-bit
- 2GB (2x1GB) DDR3 1333MHz
- 320GB SATA II 7200 rpm
- LightScribe DVD+/-RW SuperMulti DL skrifari
- TPM öryggiskubbur 1.2, HP ProtectTools,
- Enhanced Pre-Boot Security, HP Spare Key
- HP Disk Sanitizer, Enhanced Drive Lock, Drive Encryption, File Sanitizer
- 3 ára HP ábyrgð





Vörunr.: NM274AT

HP Compaq LA2205

59.900 kr.

- 22" LA2205wg TFT LCD breiðtjaldsskjár (Wide Screen)
- Upplausn: 1680X1050 á 60Hz WSXGA+
- Tengi: 1 X VGA, 1 X DVI-D, 1 X Display port
- Hallanlegur, snúanlegur og hæðarstillanlegur





Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18





Vörunr.: WR735AA

HP s2031a

46.900 kr.

- 20" TFT LCD Wide Aspect Active Matrix
- Upplausn: 1600x900 Anti-Glare, Anti -Static
- Tengi: VGA og DVI-D, kaplar fylgja
- Hátalarar, stereo, hljóðsnúra fylgir
- Hallanlegur

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

* Skv. Gartner

OK búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavik / Sími 570 1140 / www.okbudin.is

VERT